


# ÚTTEKT Á STARFSEMI

*leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið  
desember 2012

ATTENTUS  
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir og Sveinborg  
Hafliðadóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, bæjarstjóra, fræðslustjóra, formanni fræðslu- og frístundanefndar og fulltrúum Skólaskrifstofu Austurlands fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. desember 2012

Árný Elíasdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir.

## Efnisyfirlit

|                                                                      |           |
|----------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Samantekt á niðurstöðum .....</b>                                 | <b>4</b>  |
| <b>1. Inngangur .....</b>                                            | <b>6</b>  |
| 1.1. Gagnaöflun .....                                                | 6         |
| <b>2. Leikskólinn og umhverfi hans .....</b>                         | <b>7</b>  |
| 2.1. Helstu einkenni leikskólans .....                               | 7         |
| 2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins .....                  | 7         |
| 2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans ..... | 8         |
| 2.4. Innleiðing laga og reglugerða .....                             | 9         |
| 2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður .....                             | 9         |
| 2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður .....                                    | 9         |
| 2.5.2. Skólalóð .....                                                | 10        |
| 2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir .....                         | 11        |
| 2.6. Mat úttektaraðila .....                                         | 12        |
| <b>3. Stjórnun og rekstur .....</b>                                  | <b>13</b> |
| 3.1. Úttekt á leikskólanum árið 2003 .....                           | 13        |
| 3.2. Stjórnskipulag og skipurit .....                                | 14        |
| 3.3. Starfsáætlun .....                                              | 15        |
| 3.4. Mat úttektaraðila .....                                         | 16        |
| <b>4. Skólanámskrá leikskóla .....</b>                               | <b>17</b> |
| 4.1. Skólanámskrá .....                                              | 17        |
| 4.2. Tengsl skólastiga .....                                         | 18        |
| 4.3. Mat úttektaraðila .....                                         | 18        |
| <b>5. Mannauður .....</b>                                            | <b>19</b> |
| 5.1. Móttaka nýliða .....                                            | 20        |
| 5.2. Sí- og endurmenntun .....                                       | 20        |
| 5.3. Fundir og boðskipti .....                                       | 21        |
| 5.4. Mat úttektaraðila .....                                         | 21        |
| <b>6. uppeldi, menntun og umönnun .....</b>                          | <b>23</b> |
| 6.1. Nemendur .....                                                  | 23        |
| 6.2. Daglegt starf leikskólans .....                                 | 23        |
| 6.3. Leikur og nám .....                                             | 24        |
| 6.4. Leikefni og efniviður .....                                     | 25        |
| 6.5. Líðan nemenda .....                                             | 26        |
| 6.6. Lýðræði og mannréttindi .....                                   | 26        |
| 6.7. Samskipti agi og hegðun .....                                   | 27        |
| 6.8. Skólaþróun .....                                                | 27        |
| 6.9. Mat úttektaraðila .....                                         | 28        |
| <b>7. Skólabragur og samskipti .....</b>                             | <b>29</b> |

|                                                                        |           |
|------------------------------------------------------------------------|-----------|
| 7.1. Starfsandi og samskipti.....                                      | 29        |
| 7.2. Jafnrétti.....                                                    | 29        |
| 7.3. Þátttaka og áhrif.....                                            | 30        |
| 7.4. Einelti .....                                                     | 30        |
| 7.5. Mat úttektaraðila .....                                           | 31        |
| <b>8. Leiðarljós, grunnþættir menntunar og námsvið leikskóla.....</b>  | <b>32</b> |
| 8.1. Samþætt og skapandi skólastarf.....                               | 32        |
| 8.1.1. Heilbrigði og velferð.....                                      | 32        |
| 8.1.2. Sjálfbærni og vísindi.....                                      | 33        |
| 8.1.3. Sköpun og menning.....                                          | 34        |
| 8.1.4. Læsi og samskipti .....                                         | 34        |
| 8.2. Mat úttektaraðila .....                                           | 35        |
| <b>9. Innra mat .....</b>                                              | <b>36</b> |
| 9.1. Framkvæmd og ábyrgð .....                                         | 36        |
| 9.2. Þátttaka og áhrif.....                                            | 36        |
| 9.3. Eftirfylgni og kynning á niðurstöðum .....                        | 36        |
| 9.4. Mat úttektaraðila .....                                           | 37        |
| <b>10. Foreldrasamstarf og ytri tengsl.....</b>                        | <b>38</b> |
| 10.1. Samrekið foreldraráð og foreldrafélag .....                      | 38        |
| 10.2. Lýðræði og þátttaka.....                                         | 39        |
| 10.3. Samskipti heimilis, grenndarsamfélagsins og leikskólans .....    | 39        |
| 10.4. Mat úttektaraðila .....                                          | 40        |
| <b>11. Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins .....</b> | <b>41</b> |
| 11.1. Mat úttektaraðila .....                                          | 42        |
| <b>12. Mat og eftirlit sveitarfélagsins .....</b>                      | <b>43</b> |
| 12.1. Mat úttektaraðila .....                                          | 43        |
| <b>13. Niðurstöður höfunda .....</b>                                   | <b>44</b> |
| 13.1. Styrkleikar og veikleikar .....                                  | 44        |
| 13.2. Ógnanir og tækifæri.....                                         | 45        |
| 13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta .....                            | 45        |
| <b>Heimildir .....</b>                                                 | <b>47</b> |

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Úttektin er gerð á grundvelli *20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008*. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum.

Leikskólinn tók til starfa í núverandi mynd árið 2005. Í leikskólanum eru 80 börn og 26 starfsmenn auk fjögurra sem eru í leyfi, þrír karlar og 23 konur, þ.a. eru sex leikskólakennarar. Starfsmannavelta árið 2011 var engin en 38,5% það sem af er árinu 2012. Deildirnar eru fjórar og yngstu börnin eru fædd árið 2011. Fræðslu- og frístundastefna sveitarfélagsins var samþykkt árið 2009 og uppeldisstefna þess árið 2010. Báðar stefnur sveitarfélagsins taka mið af lögum um leikskóla frá 2008. Leikskólinn starfar eftir Fjölgreindakenningu Gardners. Hugmyndafræði, stefna og áhersluþættir leikskólans voru m.a. mótaðar af starfsmönnum en taka ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að fundartími innkaup og þjónusta hafa verið skert.

Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað og mætir að mestu kröfum starfsmanna, foreldra og sveitarfélagsins. Skólalóð er stór með fjölbreyttum leiksvæðum og leikefni. Fram komu misjafnar skoðanir á leikefni útisvæðis. Rýmingar- og viðbragðsáætlanir liggja fyrir. Sátt ríkir um stjórnun skólans, skólabragur er jákvæður og til eru starfslýsingar fyrir flesta starfsmenn. Starfsmannahandbók er til og hefur verið kynnt starfsmönnum. Verkferlar eru skýrir. Sátt er um aðkomu starfsmanna að stjórnun skólans.

Skólanámskrá leikskólans var síðast endurskoðuð 2009 en hefur hvorki verið löguð að nýrri aðalnámskrá leikskóla frá 2011 né lögum frá 2008 og reglugerðum og uppeldisstefnu sveitarfélagsins. Tengsl milli skólastiga eru góð, samstarf er við grunnskóla Reyðarfjarðar um verkefnið *Brúum bilið*. Formleg sí- og endurmenntunaráætlun liggur ekki fyrir, en áætlun um sí- og endurmenntun starfsfólks kemur fram í samantekt leikskólastjóra úr starfsmannasamtölum. Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Ferli um móttöku nýrra starfsmanna liggur fyrir. Fundir og boðskipti eru regluleg m.a. eru mánaðarlegir starfsmannafundir og deildarfundir. Dagskipulag liggur fyrir og er almenn sátt um það innan leikskólans. Aðlögun barna hefur gengið vel. Skrifleg námsmarkmið eru ekki til staðar. Unnið er að innleiðingu nýrrar uppeldis- og agastefnu, *Uppeldi til ábyrgðar*, sem er samræmd fyrir sveitarfélagið. Vægi frjálssa leiksins er frá 2,5 klst upp í tæpar 6 klst. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans virðist vera með ágætum. Innra og ytra mat á leikskólanum er til staðar sbr. lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Þó mætti framkvæmd þess vera markvissari og með formlegri hætti.

Sameiginlegt foreldraráð og foreldrafélag er starfrækt í leikskólanum. Hlutverk þess er að yfirfara starfsemi leikskólans s.s. starfsáætlun ásamt því að standa fyrir viðburðum. Mikið samstarf er við grenndarsamfélagið. Foreldralýðræði er til staðar og er það sýnilegt í samstarfi skólans og foreldra. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustuna en

fram kom að biðlistar eftir greiningu væru langir. Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæslu bæjarins.

Lagt er til að sveitarfélagið auki samstarf milli stjórnenda leikskólans og fræðslu- og frístundanefndar, haldi áfram aðgerðum til að auka hlutfall leikskólakennara, vinni áfram að því að stytta biðlista Skólaskrifstofu Austurlands, leysi úr vandkvæðum, í samráði við fulltrúa ríkisins, vegna talþjálfunar í landsfjórðungnum og tryggi að ytra mat sveitarfélagsins sé að fullu í samræmi við lög og aðalnámskrá.

Leikskólinn er m.a. hvattur til að ljúka við endurskoðun stefnu og skólanámskrár ásamt því að sett verði fram aðgerða- og tímaáætlun, kanni viðhorf hagsmunaaðila til skólalóðar og mótun aðgerðaáætlunar í kjölfarið, gangi úr skugga um að brunabjöllur hljómi í öllum rýmum, starfslýsingar séu til fyrir öll störf, skriflegir verkferlar verði teknir upp í auknu mæli, verkferlar s.s. móttaka nýliða verði nýttir, kanni með formlegri hætti líðan barna og tryggi að innra mat sé í samræmi við lög og aðalnámskrá.

## 1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum<sup>1</sup>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina<sup>2</sup>. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Lyngholti og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

### 1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, tvo aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, fjóra deildarstjóra, níu starfsmenn, 11 börn og átta foreldra. Enginn leikskólakennari, sem ekki gegnir stjórnunarstöðu, starfar við skólann. Þá var fundað með formanni fræðslu- og frístundaneftar, bæjarstjóra, fræðslustjóra og tveimur fulltrúum frá Skólaskrifstofu Austurlands. Alls var rætt við 41 einstakling. Óskað var eftir að fá að ræða við fleiri fulltrúa úr fræðslu- og frístundaneftar en ekki var vilji fyrir því meðal nefndarmanna. Rýnihópur starfsmanna var valinn í samráði við trúnaðarmenn og rýnihópur foreldra í samráði við formann samrekins foreldrafélags og foreldraráðs. Leikskólinn var heimsóttur tvisvar sinnum, 30. og 31. október 2012, og húsnæði og lóð skoðuð. Markmiðið með viðtölum, vettvangsskoðun og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til leikskólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gögn voru misjöfn að gæðum. Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

<sup>1</sup> Leiðbeiningar fyrir úttektir á leikskólum

<sup>2</sup> Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Attentus – mannauð og ráðgjöf

## 2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Leikskólinn Lyngholt er við Heiðarveg á Reyðarfirði. Hann tók til starfa í núverandi mynd haustið 2005. Skólinn hóf starfsemi sína sem sumarskóli árið 1963 en hluti húsnæðis hans að Heiðarvegi var formlega tekinn í notkun og leikskólanum gefið nafnið Lyngholt sumarið 1985. Haustið 1993 fékk leikskólinn allt húsnæðið að Heiðarvegi til afnota, en áður hafði hann deilt því með grunnskólanum og skrifstofu Reyðarfjarðarhrepps. Byggt var við leikskólann árið 2004 þar sem gert var ráð fyrir tveimur nýjum deildum ásamt því að eldra húsnæði var endurbyggt. Leikskólinn tók til starfa í nýju húsnæði haustið 2005. Frá leikskólanum er stutt að fara í gönguferðir upp í fjall, skoða læki, fara í fjöruna og fl. Skólalóðin er gróðursæl og býður upp á möguleika til leikja og uppgötvunarnáms. Félagasamtök og fyrirtæki hafa stutt við starfsemi leikskólans með því að gefa ýmsan efnivið, leiktæki, húsgögn og öryggisbúnað.<sup>3</sup>

### 2.1. Helstu einkenni leikskólans

Lyngholt er fjögurra deilda leikskóli og heita deildirnar Asparholt, Birkiholt, Furuholt og Greniholt. Nemendur eru alls 80. Meðalfjöldi barna í hóp er fjögur til tíu börn. Við leikskólann starfa 26 starfsmenn. Kynjaskipting starfsfólks er 12% karlar og 88% konur.<sup>4</sup>

Alls starfa sex leikskólakennarar við skólann, tveir leikskólaliðar, einn stuðningsfulltrúi, þrír með stúdentspróf og sjö með aðra fagmenntun. Starfsaldur leikskólakennara er sex ár en fjögur og hálft ár meðal alls starfsfólks. Starfsmannavelta fyrstu tíu mánuði ársins 2012 er 38,5% en engin mannaskipti voru árið 2011. Sí- og endurmenntun fyrir leikskólann í heild er metin út frá niðurstöðum starfsmannasamtala.<sup>5</sup>

### 2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið er með sérstaka uppeldisstefnu ásamt fræðslu- og frístundastefnu. Stefna Lyngholts hefur ekki verið endurskoðuð eftir útgáfu fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar. Það á líka við uppeldisstefnuna. Að sögn stjórnenda (leikskólastjóra og tveggja aðstoðarleikskólastjóra) er samhljómur með stefnu leikskólans og stefnu sveitarfélagsins, t.a.m. er varðar að skapa sterka og dugmikla einstaklinga og að styðja við fjölskyldur.<sup>6</sup>

Fræðslu- og frístundastefna Fjarðabyggðar var samþykkt í júní 2009. Stefnan var gerð í kjölfar þess að á fundi bæjarráðs þann 7. mars 2008 var fræðslu- og frístundanevnd falið að gera áætlun um hvernig skuli staðið að gerð menntastefnu/skólastefnu fyrir sveitarfélagið, en slík stefna hafði ekki verið unnin eftir síðustu sameiningu sveitarfélagsins. Að gerð hennar komu fulltrúar hagsmunaaðila s.s. fulltrúi ungmenna, íþróttahúsa, félagsmiðstöðva, æskulýðsfélaga, starfsmanna allra skólastiga, skólastjórar allra skólastiga, foreldrar á öllum skólastigum, Skólaskrifstofu Austurlands o.fl. Samkvæmt stefnunni er það hlutverk Fjarðarbyggðar að vera í fremstu röð í fræðslu- og frístundamálum barna og ungmenna. Þessu hlutverki er, skv. stefnunni, náð með að veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í skólum og félagsmiðstöðvum,

3 Gögn frá leikskólastjóra

4 Gögn frá leikskólastjóra

5 Gögn frá leikskólastjóra

6 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum



stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila ásamt því að laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk. Með stefnunni er enn fremur sett fram stefnukort og aðgerðaáætlun til þriggja ára.<sup>7</sup>

Uppeldisstefna sveitarfélagsins var samþykkt í febrúar 2010. Að gerð hennar kom undirbúningshópur sem skipaður var einum kennara og einum skólastjóra úr bæði leik- og grunnskóla ásamt fræðslustjóra Fjarðabyggðar. Drög að stefnunni voru lögð til umsagnar fyrir fræðslu- og frístundanefnd. Uppeldisstefnunni er ætlað að samræma vinnubrögð skóla sveitarfélagsins. Meginþættir stefnunnar eru að tekin verði upp vinna í anda uppbyggingarstefnunnar, *Uppeldi til ábyrgðar*, og vinna með *ART-færniþjálfun*. Verkefnastjóri var ráðinn frá ágúst 2010 í 20% starf til þess að fylgja innleiðingu stefnunnar eftir. Grunnskólar sveitarfélagsins hófu innleiðingu á *Uppeldi til ábyrgðar* haustið 2010 ásamt þeim leikskólum sem töldu tímabært að hefja innleiðingu. Haldin voru ART námskeið fyrir kennara haustið 2009, vor 2010 og haust 2011. Bækur um *Uppeldi til ábyrgðar* og bækurnar *Barnið mitt er gleðigjafi* og *Sterk saman* voru kynntar fyrir starfsmönnum og þeim gert að kynna sér efni þeirra. Enn fremur var haldið námskeið fyrir bæði skólastigin um upphaf innleiðingar á *Uppeldi til ábyrgðar* haustið 2010. Fleiri námskeið hafa verið haldin fyrir starfsmenn og foreldra, kannanir lagðar fyrir og áfangaskýrslur unnar af verkefnastjóra í samvinnu við stýrihóp.<sup>8</sup>

### 2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Lyngholt starfar eftir hugmyndafræði þeirri sem felst í fjölgreindarkenningu Howards Gardners en þar er lögð áhersla á alla þroskaþætti barnsins. Leikskólinn er einnig að innleiða tvær uppeldisstefnur *Uppeldi til ábyrgðar* og *ART-færniþjálfun*. Lyngholt er Grænánaskóli og verður áfram unnið að verkefninu í vetur og sótt um endurnýjun á viðurkenningunni næsta vor. Grænáninn fæst einungis til tveggja ára í senn. Uppeldisáherslur skólans eru sýnilegar í einkunnarorðum hans *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*, en með því leggur skólinn áherslu á styrkleika hvers og eins ásamt því að skapa örvandi námsumhverfi þar sem hver og einn nálgast nám sitt á eigin forsendum og fær notið sín sem einstaklingur.<sup>9</sup> Unnið er eftir hefðbundinni skipulagðri dagskrá á leikskólanum.<sup>10</sup> Stefna leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011. Að sögn leikskólastjórnenda var stefnan í upphafi ákveðin af starfsmönnum leikskólans og samþykkt á starfsmannafundi. Hún hafi ekki verið formlega endurskoðuð en farið sé yfir hana reglulega og hún sé lifandi í umræðunni. *Fólk er meðvitað en það vantar að flétta Uppeldi til ábyrgðar inn í Gardner, þurfum að vekja okkur. Þarna er tækifæri.*<sup>11</sup> Að sögn deildarstjóra og starfsmanna eru þeir upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans, kosið hafi verið í stefnuhóp meðal starfsmanna og hafi þeir komið að frekari útfærslu á stefnunni. Hún hafi verið endurskoðuð reglulega og breytt eftir þörfum.<sup>12</sup> Hugmyndafræði og

7 Fræðslu- og frístundastefna 2009 - 2011

8 Sameiginleg uppeldisstefna leik- og grunnskóla Fjarðabyggðar: Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna styrkveitingar

9 Skólanámskrá Lyngholts: 7

10 Heimasíða Lyngholts

11 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

12 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

stefna leikskólans er aðgengileg á heimasíðu, í skólanámskrá og handbók foreldra ásamt því að vera kynnt á foreldrakynningum að sögn leikskólastjórnenda og deildarstjóra.<sup>13</sup>

## 2.4. Innleiðing laga og reglugerða

Að sögn stjórnenda hafa lög um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerðir verið innleiddar. Að þeirra sögn hafa þeir ekki fundið fyrir breytingum í kjölfar þeirra, að undanskildu tilkomu foreldraráðs. En skv. stjórnendum hefur leikskólinn ekki náð að uppfylla ákvæði laganna um 2/3 fagmenntaðra starfsmanna.<sup>14</sup>

Starfsmenn og hagsmunaaðilar leikskólans töldu að niðurskurður hafi komið fram á leikskólanum í kjölfar efnahagshrunsins. Að sögn starfsmanna leikskólans hefur fundartími minnkað og aðeins nauðsynlegur aðbúnaður og efniviður keyptur inn.<sup>15</sup> Að sögn foreldra koma hagræðingaraðgerðir fram í matarræði, kaupum á efni og aðbúnaði ásamt notkun hans s.s. þurrkum vegna bleiuskipta.<sup>16</sup> Samkvæmt fulltrúum sveitarfélagsins þá hefur þjónusta leikskólans verið skert m.t.t. opnunartíma og tími til starfsmannafunda verið skertur, eða úr fjórum í tvær klukkustundir á mánuði.<sup>17</sup>

Að sögn stjórnenda er fylgt leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar varðandi matarræði á leikskólanum. Allur matur sé unninn frá grunni, brauð bakað á staðnum og fiskur sé ávallt tvisvar sinnum í viku. Ennfremur taka þeir fram að ekki hafi dregið úr efniskaupum og benda á að fjármagn til efniskaupa fyrir árið 2011 hafi verið um 2 milljónir. Fyrir þá peninga hafi m.a. verið keyptar fjölnota klifur/rennibrautir á yngri deildir, bækur, geisladiskar, málörvunarefni o.fl. Jafnframt tilgreina þeir að ákveðið hafi verið að taka upp svampa og tauþurrkur við bleiuskipti í umhverfisskyni en ekki sparnaðarskyni.<sup>18</sup>

## 2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður

*Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks<sup>19</sup>.*

### 2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður

Lyngholt er fjögurra deilda leikskóli sem byggður var í núverandi mynd árið 2004. Húsnæði skólans er 613 m<sup>2</sup>. Hver deild hefur yfir að ráða leikstofu, hvíldarherbergi, snyrtingu og fataklefa. Einnig skipta deildirnar með sér fjölnota sal sem staðsettur er í Suðurhúsi, Listaholti í Norðurhúsi sem og Sérkennsluholti sem er í Suðurhúsi. Stórt og vel útbúið eldhús, starfsmannaaðstaða og stór lóð er á Lyngholti.<sup>20</sup> Skv. leikskólastjóra er húsnæði og aðbúnaður skólans í samræmi við lög og reglur.<sup>21</sup>

13 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Viðtal við deildarstjóra

14 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

15 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; fundur með deildarstjórum; rýnihópur starfsmanna

16 Rýnihópur foreldra

17 Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands; Fundur með formanni fræðslu- og frístundaneftdar

18 Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

19 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12.gr.

20 Gögn frá leikskólastjóra

21 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

## Úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði, 2012

Helstu kostir húsnæðisins, að mati þeirra aðila sem rætt var við, eru hversu bjart húsnæðið er, aðstaða og búnaður í eldhúsi og leiksalurinn. Það viðhorf kom fram meðal starfsmanna að aðstaða s.s. kaffistofa og staðsetning fatahengis mætti ekki kröfum þeirra. Einnig kom fram óánægja með skiptiaðstöðu á yngri deildum vegna rangrar líkamsbeitingar og að vatnskrana vanti með neysluvatni inn á eldri deildum til að gefa börnum að drekka og þurrka af borðum.<sup>22</sup> Fram kom meðal foreldra óánægja með stærð fataklefa og stærð leiksalar. Að þeirra sögn var það synd að ekki hafi verið gert ráð fyrir stærri sal þegar byggt var við skólann sem hægt væri að nýta til ýmissa skemmtana s.s. jólaballs.<sup>23</sup>

Viðhorfsskönnun var lögð fyrir starfsmenn Fjarðabyggðar árið 2010. Svarmöguleikar voru gefnir upp á skala frá 1 -5. Í niðurstöðum hennar kemur fram að bæði spurning um vinnuaðstöðu og aðbúnað eru á svonefndu aðgerðabili, eða undir 3,7. Spurning er varðar öryggi og vinnuvernd var á styrkleikabili eða yfir 4,2.<sup>24</sup> Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins var brugðist við niðurstöðum könnunarinnar m.a. með því að bæta tækjabúnað árið 2011 og tölvubúnað sumarið 2012.<sup>25</sup> Ekki hafa verið lagðar fyrir kannanir á viðhorfi foreldra til húsnæðis og aðbúnaðar.<sup>26</sup>

### 2.5.2. Skólalóð

Lóð skólans er 5.856 m<sup>2</sup> þar af 2.600 m<sup>2</sup> undir leiksvæði. Lóðin er stór með fjölbreyttu leiksvæði og leikefni. Leiksvæðið er fjölbreytt að lögun en það er að hluta til slétt, ýmist hellulagt eða malbikað, hluti þess er grasi vaxið og hluti brekka. Á leiksvæðinu er leikefni fyrir byggingaleiki s.s. moldarsvæði, sandkassar, stór rör og trédrumbar sem hafa verið notaðir til að negla í, búa til skýli og hús. Matjurtagarður er austanmegin við húsið sem og safnkassi. Stórir steinar og tré eru á lóðinni og einnig eldstæði. Leikfangaskúr er neðarlega á lóðinni. Tilbúin leiktæki eru fjórar rólur fyrir eldri börn og ein smábarnaróla, rennibraut innbyggð í brekku, rennibraut fyrir eins árs börn, rugguvegasalt, tvö ruggudýr, tvö leikhús og ein klifurgrind. Ekki eru gerðar kannanir á viðhorfi starfsfólks og foreldra til skólalóðar og aðbúnaðar á henni.<sup>27</sup>

Að sögn stjórnenda og starfsmanna eru skiptar skoðanir um hvort skólalóð og útisvæði leikskólans fullnægi kröfum allra hagsmunaaðila.<sup>28</sup> Fram kom meðal stjórnenda vilji til að hafa lóðina stærri og hrárri.<sup>29</sup> Starfsmenn benda á að skólalóð og útisvæði séu fjölbreytt en eigi til að safna mikli vatni að vori og hausti. Hluta starfsmanna fannst vanta meiri ögrun fyrir börnin á útileiksvæðinu. Ennfremur kom fram meðal starfsmanna og stjórnenda vilji til að stækka lóð leikskólans svo hægt sé að góðursetja í meira magni og það sé meira sýnilegt fyrir börnin.<sup>30</sup> Fram kom meðal foreldra óánægja með drumba á lóðinni vegna slyshættu og að skortur væri á ögrandi leiktækjum.<sup>31</sup>

22 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

23 Rýnihópur foreldra

24 Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Fjarðabyggðar 2010

25 Athugasemdir stjórnenda sveitarfélagsins við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

26 Viðhorfsskönnun meðal foreldra 2011

27 Gögn frá leikskólastjóra

28 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum ; Rýnihópur starfsmanna

29 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

30 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

31 Rýnihópur foreldra

### 2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir

Ekki er til nýleg skýrsla um eftirlitsheimsókn Vinnueftirlitsins, en hún fór síðast fram 2010. Reglubundið eftirlit á vegum Heilbrigðiseftirlits Austurlands var í ágúst 2011 og þurfti leikskólinn að bæta úr atriðum eins og lafandi rafmagnssnúru, hreinsa reglulega niðurföll, laga hlífar á keðjum á rólum, girðingu, útiskúr o.fl. Eftirlitið fól í sér skoðun á húsnæði og leiksvæði leikskólans.<sup>32</sup> Eldvarnaeftirlit Fjarðabyggðar heimsótti leikskólann haustið 2010 vegna verkefnis slökkviliðanna og Brunabótafélags Íslands þar sem unnið er með börnum í tengslum við brunavarnir. Í kjölfar heimsóknarinnar var skólanum sent bréf þar sem bent var á að þörf væri á að merkja björgunarop og staðsetningu slökkvibúnaðar.<sup>33</sup> Samkv. leikskólastjóra var síðasta reglubundna heimsókn Eldvarnaeftirlits Fjarðarbyggðar í lok september eða byrjun október 2012. Leikskólanum hefur ekki borist skýrsla eftir heimsóknina en leikskólastjóra var gerð grein fyrir að hengilásar á hurðum væru ófullnægjandi og þörf væri að skipta þeim út fyrir segla. Leikskólastjóri, að eigin sögn, hefur komið þeirri athugasemd í ferli.<sup>34</sup>

Leikskólinn hefur rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna. Áætlunin er uppi á vegg inni á hverri deild og hver starfmaður hefur sitt hlutverk. Brunaæfingar eru gerðar árlega í samstarfi við slökkviliðið, að sögn starfsmanna og stjórnenda, þar sem starfsmenn og börn eru þátttakendur.<sup>35</sup> Síðasta brunaæfing leikskólans var haldin haustið 2011 og er áætlun um að framkvæma aðra á árinu 2012. Fram kom meðal starfsmanna að á brunaæfingum hafi ekki heyrst í brunabjöllu í hvíldarherbergi á yngri deildum í Suðurhúsi.<sup>36</sup> Við leikskólann er áfalla- og öryggisnefnd. Nefndin sér um brunaæfingar leikskólans og er kölluð saman þegar þörf þykir.<sup>37</sup>

Hluti starfsmanna leikskólans fór á skyndihjálparnámskeið skólaárið 2011 – 2012. Ennfremur hefur leikskólinn skráningarblað yfir slys, tjón og tilkynningar til barnavernda.<sup>38</sup> Skriflegir verkferlar um slysavarnir eru aðgengilegir starfsmönnum á innra vefsvæði skólans, að sögn stjórnenda, ásamt því að þeir eru kynntir á starfsmannafundum að hausti.<sup>39</sup> Ennfremur er einn starfsmaður leikskólans hjúkrunarfræðingur og er hún kölluð til þegar slys eiga sér stað. Að sögn stjórnenda hefur það reynst skólanum vel að hafa hjúkrunarfræðing innan borðs ásamt því að það veiti foreldrum meira öryggi.<sup>40</sup>

32 Eftirlitsskýrsla - leikskólinn Lyngholt

33 Umsögn leikskólar Brunavarðir

34 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

35 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum ; Rýnihópur starfsmanna; Fundur með deildarstjórum

36 Rýnihópur starfsmanna

37 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

38 Gögn frá leikskólastjóra

39 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

40 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

## 2.6. Mat úttektaraðila

- Fræðslu- og frístundastefna sveitarfélagsins var samþykkt árið 2009 og uppdæstefna þess árið 2010. Stefna leikskólans hefur ekki verið aðlöguð m.t.t. stefnu sveitarfélagsins, laga um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011.
- Starfsmenn leikskólans eru upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur hans. Hafið er vinna við endurskoðun stefnunnar og hafa starfsmenn aðkomu að henni. Úttektaraðilar hvetja til að sett verði fram aðgerðar- og tímaáætlun um endurskoðun á stefnu leikskólans og hún kynnt öllum hagsmunaaðilum. Áherslur leikskólans eru aðgengilegar m.a. á heimasíðu.
- Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að fundartími starfsmanna er minni ásamt því að þjónusta og innkaup hafa verið skert. Fjármagn til leikskólans hefur aukist frá árinu 2008 og er því hægt að álykta að um tímabundnar aðgerðir sé að ræða.
- Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað, kröfur starfsmanna, foreldra og barna. Mikilvægt er að bætt verði úr þeim athugasemdum sem fram hafa komið frá eftirlitsaðilum. Ennfremur væri ákjósanlegt, ef hægt er, að færa fatahengi starfsmanna, laga skiptiaðstöðu inni á yngri deildum og koma fyrir neysluvatnsskrana á eldri deildum.
- Misjafnar skoðanir eru meðal starfsmanna og foreldra um skólalóð leikskólans. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur til að kanna viðhorf allra hagsmunaaðila varðandi skólalóð og stefna um hlutverk hennar verði gerð í kjölfarið í samvinnu við hlutaðeigandi.
- Leikskólinn stendur vel að rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna- og slysavarnir. Áætlanir eru aðgengilegar og eru starfsmenn meðvitaðir um hlutverk sitt. Ennfremur eru brunaæfingar framkvæmdar árlega. Mikilvægt er að stjórnendur gangi úr skugga um að brunabjöllur hljómi í öllum rýmum.

### 3. STJÓRNUN OG REKSTUR

*Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarfi sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu<sup>41</sup>. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.<sup>42</sup>*

Rekstraraðili leikskólans er Fjarðabyggð. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslu- og frístundanefnd í umboði bæjarstjórnar. Nefndin fer með eftirfarandi verkefni: fræðslu- og menntamál, málefni leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla og tónlistarskóla ásamt íþrótt- og æskulýðsmálum. Í nefndinni eiga sæti fimm kjörnir fulltrúar, þar eiga rétt til setu sem áheyrnarfulltrúar; leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra. Verksvið nefndarinnar er að móta stefnu bæjarins í fræðslu- og menntamálum og íþrótt- og æskulýðsmálum, vinna að samhæfingu skólastarfs, stuðla að virku íþrótt- og æskulýðsstarfi og virkja félagsauðinn, taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði nefndarinnar, hafa eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði sínu sé fylgt ásamt öðrum verkefnum sem bæjarráð ákveður<sup>43</sup>.

Leikskólastjóri hóf störf í leikskólanum árið 1991 en hefur starfað sem leikskólastjóri frá janúar 1999. Við skólann er starfandi leikskólastjóri í 90% stöðu og tveir leikskólastjórar í 50% stöðu hvor. Staða leikskólastjóra er 100% en leikskólastjóri óskaði eftir að minnka starfshlutfall sitt af persónulegum ástæðum. Ástæða þess að tveir aðstoðarleikskólastjórar eru starfandi við skólann er vegna þess að báðir eru í námi með vinnu.<sup>44</sup>

Stjórnendur gera, að þeirra sögn, bæjaryfirvöldum grein fyrir starfinu með ársskýrslu og ársáætlun. Jafnframt hefur leikskólinn boðið bæjarstjóra og fræðslustjóra í heimsókn og á viðburði sem leikskólinn stendur fyrir. Ennfremur greindi leikskólastjóri frá því að hann ætti mánaðarlega fundi með fræðslustjóra Fjarðabyggðar þar sem m.a. er farið yfir fjárhagsáætlun.<sup>45</sup> Samkvæmt stjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins er samvinna milli þeirra góð. Að sögn stjórnenda hafa þeir staðist rekstraráætlanir og eru fulltrúar sveitarfélagsins því sammála.<sup>46</sup>

#### 3.1. Úttekt á leikskólanum árið 2003

Gerð var úttekt á leikskólanum Lyngholti haustið 2003. Úttektin var gerð af Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands fyrir menntamálaráðuneytið. Úttektin leiddi í ljós að starf leikskólans uppfyllti í öllum meginatriðum þau lagalegu viðmið sem stuðst var við í matinu. Sérstaða skólans fólst í áherslu hans á umhverfið, náttúruna og skapandi útfærslu viðfangsefna. Helstu kostir leikskólans voru áhersla á vellíðan barna og sjálfstæði. Helstu veikleikar skólans voru taldir

<sup>41</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.5.gr.2.mgr.

<sup>42</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.4.gr.1.mgr.

<sup>43</sup> Samþykkt fyrir fræðslu- og frístundanefnd Fjarðabyggðar af heimasíðu sveitarfélagsins

<sup>44</sup> Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

<sup>45</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>46</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum ; Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands

skortur á fagmenntuðu starfsfólki, stjórnskipulag og ófullnægjandi aðbúnaður starfsmanna. Úttektaraðilar lögðu til að hlutfall faglærðra yrði aukið en það var um 30%, stjórnskipulag leikskólans yrði bætt með tilkomu fagteymis sem væri nánasti samstarfsaðili leikskólastjóra við mótun faglegs starfs og bætt yrði úr aðbúnaði starfsmanna þar sem starfsmenn hefðu yfir að ráða 8 fm rými sem væri notað sem kaffistofa, vinnuáðstaða og fundarherbergi. Ennfremur var bent á að aðstaða starfsmanna í mótuneyti, þar sem matreiddar voru heitar máltíðir hvern dag, væri aðeins 8 fm.<sup>47</sup>

Í kjölfar úttektarinnar var, að sögn stjórnenda, farið yfir niðurstöður hennar á starfsmannafundum og þær ræddar við yfirmann fræðslumála og fræðslu- og frístundanefndar. Aðgerðir í kjölfar úttektarinnar var stækkun húsnæðis leikskólans árið 2005 þar sem bætt var úr aðstöðu starfsmanna, deildarstjórafundir voru fastsettir og fagteymi var myndað sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar skipa. Til þess að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna leikskólans hefur árlega verið auglýst eftir leikskólakennurum, haft samband við fólk sem er að afla sér menntunar, er að útskrifast eða fagmenntað fólk sem er að flytjast til sveitarfélagsins. Starfsmenn hafa verið hvattir til að sækja sér aukna menntun og starfsfólki gert auðveldara fyrir að sækja sér aukna menntun s.s. með stýringu á vinnutíma og sveigjanlegum vinnutíma.<sup>48</sup>

### 3.2. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit fyrir skólann var útbúið af leikskólastjóra eftir að úttektaraðilar óskuðu eftir því. Starfslýsingar eru til fyrir stjórnendur, deildarstjóra, hópstjóra og leikskólakennara. Í skriflegu samkomulagi milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er kveðið á um ábyrgðarskiptingu þeirra. Þar segir að stjórnendur skólans vinna saman að stjórnun hans og ákvörðunartöku í mikilvægum málum og að aðstoðarleikskólastjóri sé staðgengill leikskólastjóra. Í samkomulaginu er verkaskiptingu stjórnenda gerð skil varðandi starfsmannhald, áætlun – stefnumótun, samskipti, foreldrasamstarf, upplýsingagjöf, fjármál, skýrslur, ytri aðila, eldhús og ýmis önnur verkefni.<sup>49</sup>

Deildarstjóri ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni. Í starfslýsingu deildarstjóra er gerð grein fyrir meginverkefnum hans út frá stjórnun og skipulagningu, uppeldi og menntun, foreldrasamvinnu og öðrum verkefnum<sup>50</sup>. Hópstjórar vinna undir stjórn deildarstjóra að uppeldi og menntun nemenda<sup>51</sup>. Ekki er til skrifleg starfslýsing fyrir leiðbeinendur og starfsmenn í eldhúsi.<sup>52</sup>

Að sögn starfsmanna hafa þeir gott aðgengi að stjórnendum.<sup>53</sup> Í stjórnendateymi skólans eru leikskólastjóri, tveir aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar.<sup>54</sup> Ábyrgðarskipting stjórnenda er skýr, að sögn starfsmanna, og greina þeir frá því að þeir séu

47 Mat á starfi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði

48 Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

49 Samkomulag milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

50 Starfslýsing deildarstjóra

51 Starfslýsing leikskólakennara ; hvað gerir hópstjóri

52 Gögn frá leikskólastjóra

53 Rýnihópur starfsmanna

54 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

upplýstir um hana og viti til hvers eigi að leita með einstaka mál.<sup>55</sup> Að sögn stjórnenda og starfsmanna hentar stjórnskipulag leikskólans stærð hans og verkefnum ásamt því að almenn sátt ríki um stjórnun hans.<sup>56</sup>

Sátt er innan skólans, að sögn starfsmanna, um aðkomu þeirra að stjórnun skólastarfsins.<sup>57</sup> Að sögn stjórnenda er mikið lagt upp úr því að allir geti tjáð hug sinn og telja þeir að starfsmenn séu óhræddir við að koma tillögum og ábendingum á framfæri við stjórnendur.<sup>58</sup> Starfsmenn greina frá því að breytingar séu ræddar á starfsmannafundum, þeir finni ekki fyrir stéttarmismunum, þeim sé falin ábyrgð og hlustað sé á skoðanir þeirra.<sup>59</sup>

Ákvarðanataka innan leikskólans er skilvirk að mati stjórnenda og starfsmanna. Að sögn þeirra er aðkoma barna að ákvarðanatöku innan skólans helst meðal eldri barna í tengslum við hamingjudaga, könnunaraðferðina, hvað sé á matseðli, grænfánaverkefnið og í hópastarfi.<sup>60</sup> Verkfærlar leikskólans eru skýrir að sögn starfsmanna og stjórnenda en mættu e.t.v. vera í meira mæli skriflegir.<sup>61</sup> Þó benda starfsmenn á að nauðsynlegt sé að hafa ákveðinn sveigjanleika í tengslum við einstaklingsmun þegar farið sé eftir verkferlum.<sup>62</sup>

Árið 2010 lagði Fjarðabyggð fyrir starfsmenn sína viðhorfskönnun sem m.a. laut að stjórnun. Svarmöguleikar voru á skala frá 1- 5. Þar kemur fram að leikskólinn Lyngholt er yfir viðmiði Fjarðabyggðar í öllum spurningum nema einni sem snýr að frestun ákvarðana um erfið mál. Bæði ánægja með stjórnun í heild og næsta yfirmann er á styrkleikabili, yfir 4,2.<sup>63</sup> Vert er þó að benda á að frá því að könnunin var lögð fyrir hefur orðið töluverð endurnýjun á starfsfólki skólans.

### 3.3. Starfsáætlun

*Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans<sup>64</sup>*

Leikskólinn hefur útbúið ársáætlun fyrir skólaárið 2012 – 2013. Á heimasíðu Lyngholts eru aðgengilegar ársáætlanir leikskólans fyrir skólaárin 2009 – 2010 og 2010 – 2011<sup>65</sup>. Ársáætlunin inniheldur það helsta sem áætlað er í starfi leikskólans. Skólaárið 2012 – 2013 er í fimmta sinn sem formleg ársáætlun er gefin út en áætluninni er ætlað að skerpa á þeim áherslum sem komandi skólaár felur í sér.<sup>66</sup> Ennfremur er þar aðgengileg ársskýrsla leikskólans fyrir skólaárin 2009 – 2010 og 2011 – 2012. Í ársskýrslunni er farið yfir starfið fyrir skólaárið og gerð grein fyrir þeim könnunum og matsþáttum sem framkvæmdir voru og jafnframt hvernig unnið var úr þeim þáttum. Ársskýrslunni er ætlað að skerpa á starfsháttum leikskólans og er höfð til hliðsjónar

55 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

56 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

57 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

58 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

59 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

60 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

61 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

62 Fundur með deildarstjórum

63 Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Fjarðabyggðar 2010

64 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 14. gr. 2. mgr.

65 Gögn frá leikskólastjóra

66 Ársáætlun Lyngholt ágúst 2012



þegar unnið er að ársáætlun. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er ársskýrslu skilað til þeirra ásamt því að hún er aðgengileg á vefsíðu leikskólans.<sup>67</sup>

### 3.4. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur staðist rekstaráætlanir. Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins er góð en samvinna stjórnenda leikskólans við fulltrúa fræðslu- og frístundanefndar mætti þó vera meiri.
- Úttekt var gerð á starfsemi leikskólans árið 2003. Leikskólinn og sveitarfélagið hafa brugðist við þeim athugasemdum sem þar komu fram. Úttektaraðilar hvetja þó til áframhaldandi vinnu við að auka hlutfall fagmenntaðra innan leikskólans.
- Starfslýsingar eru til fyrir flestar stöður innan leikskólans. Að mati úttektaraðila er mikilvægt að starfslýsingar séu til fyrir öll störf þar.
- Almenn sátt ríkir um stjórnun skólans meðal starfsmanna. Starfsmenn og börn hafa aðkomu að ákvörðunartöku. Verkferlar eru skýrir en að mati úttektaraðila er nauðsynlegt að þeir séu í auknum mæli skriflegir.
- Leikskólinn hefur skilað ársskýrslu til sveitarfélagsins. Ennfremur eru ársskýrsla og starfsáætlun leikskólans aðgengilegar á heimasíðu hans.

---

<sup>67</sup> Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands

## 4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

*Sérhverjum leikskóla ber að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar<sup>68</sup>. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið<sup>69</sup>.*

### 4.1. Skólanámskrá

Leikskólinn Lyngholt hefur skólanámskrá frá árinu 1999 en hún var endurskoðuð síðast árið 2009. Skólanámskráin nefnist *Yfir holt og hæðir* og er hún aðgengileg á vefsíðu leikskólans á íslensku, pólsku og ensku.<sup>70</sup> Að sögn skólastjórnenda komu allir starfsmenn að gerð hennar í upphafi og var hún unnin og endurskoðuð á starfsmannafundum og starfsdögum. Skólanámskrá leikskólans hefur ekki verið aðlöguð að nýrri aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum og reglugerðum frá 2008 eða uppeldisstefnu sveitarfélagsins. Að sögn skólastjórnenda er starfandi hópur innan leikskólans sem vinnur að endurskoðun hennar í samræmi við gildandi lög, aðalnámskrá og stefnur sveitarfélagsins.<sup>71</sup>

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram stefna skólans, stjórnun og stjórnunarhættir, upplýsingar um daglegt líf á leikskólanum, námsvið og samþætting þeirra í skólastarfinu, samstarf heimila og leikskóla, tengsl skólans við grunnskólann, umfjöllun um innra mat ásamt hagnýtum upplýsingum o.fl. Að mati deildarstjóra og starfsmanna er skólastarfið að mestu leyti í samræmi við skólanámskrá, einhverjar breytingar hafi þó orðið frá því að hún var síðast endurskoðuð og benda þeir sérstaklega á innleiðingu *Uppeldis til ábyrgðar* og að Grænfánaverkefnið sé orðið meira. Að sögn foreldra hafa þeir ekki fengið eintak af skólanámskrá afhent né hefur þeim verið kynnt innihald hennar, hún sé þó aðgengileg á netinu og þeim hafi verið bent á að skoða hana við upphaf leikskólagöngu barna sinna.<sup>72</sup>

Aðkoma foreldra að mótun og endurskoðun skólanámskrár er í gegnum foreldraráð leikskólans. Þar sem skólanámskrá leikskólans var síðast gefin út árið 2009 hefur hún ekki verið endurskoðuð með tilliti til aðalnámskrár leikskóla 2011.<sup>73</sup> Eins og fram kom að ofan var skipaður hópur í október 2012 til að leiða innleiðingu nýrrar aðalnámskrár að skólastarfinu. Hópurinn skipa starfsmenn í framhaldsnámi og grunnnámi auk annarra starfsmanna, hópurinn telur sex manns.<sup>74</sup> Vinnuhópurinn ber ábyrgð á að allir starfsmenn komi með einhverjum hætti að innleiðingunni, rýni og komi með athugasemdir. Að sögn leikskólastjórnenda hafa þeir ekki áætlað hvenær aðlögun skólanámskrár að nýrri aðalnámskrá verði lokið.<sup>75</sup>

68 Lög um leikskóla nr.90/2008

69 Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

70 Heimasiða lyngholts

71 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

72 Rýnihópur foreldra

73 Skólanámskrá Lyngholts

74 Gögn frá leikskólastjóra

75 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

## 4.2. Tengsl skólastiga

*Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.<sup>76</sup>*

Í skólanámskrá leikskólans er greint frá tengslum leik- og grunnskóla. Skólanir eru í samstarfi og nefnist það, *Brúum bilið*. Í umfjöllun um samstarfið kemur fram að mikilvægt sé að samfella verði í uppeldi og menntun barna þannig að ekki verði breitt bil á milli skólastiganna. Áætlun er gerð um samvinnu í upphafi hvers skólaárs og hefur umsjónarkennari 1. bekkjar ásamt hópstjóra Öðlingahóps (elstu nemendur leikskólans) umsjón með gerð hennar. Samstarfið felur m.a. í sér vorskóla, skólaheimsóknir, nemendaskipti, kennaraskipti, kirkjuferð, skilafundi o.fl. Allan veturinn starfa nemendur 9. og 10. bekkjar í leikskólanum í samfélagsþjónustuváli.<sup>77</sup> Að sögn leikskólastjórna hefur samstarfið gengið mjög vel en þó sé örugglega eitthvað sem betur megi fara.<sup>78</sup>

## 4.3. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn Lyngholt hefur skólanámskrá frá árinu 1999 en hún var endurskoðuð síðast árið 2009 með aðkomu starfsmanna. Starfshópur innan leikskólans vinnur að endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við gildandi lög, aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og stefnum sveitarfélagsins. Móta þarf tímaáætlun um gerð námskrár og leggja þarf áherslu á samvinnu allra hagsmunaaðila, upplýsa þá og gera grein fyrir aðkomu þeirra að gerð hennar.
- Leggja má aukna áherslu á að kynna efni og innihald skólanámskrár fyrir foreldrum.
- Tengsl milli skólastiga eru góð og lögð áhersla á gott samstarf milli leik- og grunnskólans. Aðkoma nemenda í 9. - 10. bekk grunnskólans að samfélagsþjónustuváli allan veturinn í leikskólanum er ánægjuleg að mati úttektaraðila og gæti verið öðrum skólum fyrirmynd.

---

<sup>76</sup> Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

<sup>77</sup> Gagn frá leikskólastjóra

<sup>78</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

## 5. MANNAUÐUR

*Sveitarstjórn eða annar rekstraraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna<sup>79</sup>.*

Við leikskólann starfa alls 26 einstaklingar, þar af 23 konur og þrír karlar, í 19,9 stöðugildum. Stjórnendur eru átta, leikskólastjóri, tveir aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar. Stjórnendur deila með sér 5,7 stöðugildum. Enginn leikskólakennari, sem ekki gegnir stjórnunarstöðu, starfar við skólann. Að auki eru starfandi tveir grunnskólakennarar, tólf leiðbeinendur, einn starfsmaður í stuðningi, tveir starfsmenn í eldhúsi og húsvörður. Þessir starfsmenn deila með sér 14,2 stöðugildum. Meðal starfsaldur leikskólakennara er sex ár, en fjögur og hálft ár meðal alls starfsfólks. Starfsmannavelta það sem af er árinu 2012 er 38,5% en var engin árið 2011. Að sögn leikskólastjóra stafar þessi mikla breyting í starfsmannaveltu af því að þrír starfsmenn fóru í fæðingarorlof, einn starfsmaður fór í árs leyfi, fjórir starfsmenn hættu störfum sökum aldurs, veikinda eða annarra starfa ásamt því að fimm starfsmenn minnkuðu við sig starfshlutfall vegna náms.<sup>80</sup> Starfsmenn leikskólans tilgreina sömu ástæður fyrir starfsmannaveltu.<sup>81</sup> Menntun starfsfólks umfram grunnskólapróf má sjá í töflu 1.<sup>82</sup>

**Tafla 1. Menntun starfsfólks**

| Menntun                                                                                                       | Fjöldi starfsmanna |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|
| Leikskólakennari                                                                                              | 6                  |
| Leikskólaliðar                                                                                                | 2                  |
| Stuðningsfulltrúi                                                                                             | 1                  |
| Stúdentspróf                                                                                                  | 3                  |
| Önnur fagmenntun (s.s. grunnskólakennari, uppeldisfræði, félagsráðgjöf, hjúkrunarfræði, smíður, kokkur, ofl.) | 7                  |

Leikskólinn hefur starfsmannastefnu. Í stefnunni er greint frá því að í Lyngholti sé hæft, áhugasamt og traust starfsfólk sem sýni börnum og foreldrum hlýtt viðmót. Einnig er settur fram listi yfir hvað leikskólakennarar og leiðbeinendur við leikskólann þurfa að gera s.s. vera færir um að starfa eftir markmiðum aðalnámskrár leikskóla og uppeldisstefnu skólans, bera þagnarskyldu, vera stundvís og sýna ábyrgð í starfi, skapa og viðhalda jákvæðri ímynd skólans o.fl.<sup>83</sup>

Leikskólinn hefur einnig útbúið starfsmannahandbók. Í henni eru aðgengilegar upplýsingar er varða innritun barna, foreldra, slys, starfslýsingar, starf leikskólans o.fl.<sup>84</sup> Að sögn starfsmanna eru þeir upplýstir um innihald starfsmannahandbókar og er hún þeim aðgengileg í

<sup>79</sup> Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

<sup>80</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>81</sup> Fundur með deildarstjórum; Rýniðpur starfsmanna

<sup>82</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>83</sup> Skólanámskrá Lyngholts: 27

<sup>84</sup> Starfsmannahandbók Lyngholts

sameiginlegu tölvukerfi, á kaffistofu og í undirbúningsherbergi. Einnig sé þeim afhent hún við upphaf starfs.<sup>85</sup>

### 5.1. Móttaka nýliða

Við móttöku nýrra starfsmanna er stuðst við verkferli og er því ætlað að ná yfir þriggja mánaða tímabil. Tilgangur ferlisins er að nýr starfsmaður öðlist öryggi og nái sem bestum tókum á starfinu og fái jákvæða mynd af vinnustaðnum. Þar er einnig greint frá að leikskólastjóri beri ábyrgð á ráðningu nýrra starfsmanna en deildarstjóri á þjálfun hans.<sup>86</sup> Ennfremur gaf stjórnslu- og þjónustusvið sveitarfélagsins út í ágúst 2012 leiðbeinandi reglur um móttöku starfsmanna og kynnti þær fyrir stofnunum sveitarfélagsins.<sup>87</sup> Síðastliðið haust tók leikskólinn á móti mörgum nýjum starfsmönnum og börnum á stuttum tíma. Að sögn stjórnenda var reynt að fara eftir móttökuferlinu en það hafi ekki gengið sem skyldi. Reynt hafi þó verið að bæta það upp seinna meir þegar tími gafst til s.s. að taka starfsmenn í aðlögunarviðtöl. Þó benda þeir á að í ráðningarviðtali hafi starfsmönnum verið afhent mappa með öllum helstu upplýsingum varðandi starfsemi leikskólans s.s. stefnu og hugmyndafræði, starfsmannahandbók o.fl.<sup>88</sup> Deildarstjórar segjast meðvitaðir um móttökuferlið en segjast ekki hafa stuðst við það við nýliðun haustið 2012.<sup>89</sup> Að sögn starfsmanna var nýjum starfsmönnum sem komu til starfa haustið 2012 „hent út í djúpu laugina“ og taka stjórnendur undir það sjónarmið. Þeir benda þó einnig á að auðvelt hafi verið að leita eftir aðstoð og leiðbeiningum frá öðrum starfsmönnum. Fram kom að nýir starfsmenn telja að gott hefði verið ef aðlögunarviðtal hefði farið fram tvisvar, fyrst við upphaf starfs og svo seinna þegar starfsmaður hefði verið kominn betur inn í starfið.<sup>90</sup>

### 5.2. Sí- og endurmenntun

Ekki er gerð eiginleg sí- eða endurmenntunaráætlun fyrir starfsmenn leikskólans. Samkvæmt leikskólastjóra er notast við samantekt úr niðurstöðum starfsmannasamtala sem sí- og endurmenntunaráætlun.<sup>91</sup> Þar er tekið fram hver séu helstu verkefni sem leikskólinn leggur áherslu á í tengslum við þjálfun og símenntun. Helstu verkefni sem koma fram í samantekt fyrir árið 2012 eru námskeið í *Uppeldi til ábyrgðar*, námskeið í skyndihjálpi, tónlistarnámskeið, Haustþing leikskóla á Austurlandi og fræðsla á starfsmannafundum.<sup>92</sup> Samkvæmt leikskólastjóra er farið yfir sí- og endurmenntunarfærir starfsmanna í árlegum starfsmannaviðtölum og að leikskólastjóri og starfsmenn beri sameiginlega ábyrgð á sí- og endurmenntun. Að sögn leikskólastjóra samanstendur sí- og endurmenntun starfsfólks af haustþingi leikskóla á Austurlandi ásamt námskeiðum sem starfsmenn sækja að eigin frumkvæði. Þau námskeið hafa starfsmenn greitt sjálfir eða með styrkveitingum en leikskólinn hafi reynt að koma til móts við þá á þann veg að þeir fái greidd laun á meðan námskeiði stendur. Framboð á endurmenntun er, að sögn starfsmanna, nægilegt. Endurmenntun þeirra sé aðallega haustþing leikskóla á Austurlandi,

<sup>85</sup> Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>86</sup> Móttaka nýs starfsmanns

<sup>87</sup> Athugasemdir stjórnenda sveitarfélagsins við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts.

<sup>88</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>89</sup> Fundur með deildarstjórum

<sup>90</sup> Fundur með deildarstjórum ; Rýnihópur starfsmanna

<sup>91</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>92</sup> Starfsmannasamtal - niðurstöður stofnunar 2012

námskeið á vegum sveitarfélagsins s.s. *Uppeldi til ábyrgðar* og önnur sí – og endurmenntun sem þeir sækja sér sjálfir. Fagmenntað starfsfólk leitar eftir sí- og endurmenntun hjá Kennarasambandi Íslands en almennir starfsmenn til Austurbrúar.<sup>93</sup>

### 5.3. Fundir og boðskipti

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega<sup>94</sup>. Þar er m.a. farið yfir stefnur og áherslur leikskólans, mataræði, umgengni, áætlanir, verkefni vetrarins, kosinn trúnaðarmaður starfsmanna o.fl.<sup>95</sup> Hver deild heldur deildarfund einu sinni í mánuði. Á deildarfundum er farið yfir starf deildarinnar, málefni einstakra barna, innra starf o.fl. Leikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjóri og félagar í Félagi leikskólakennara funda vikulega og kallast þeir fundir Dagþingan. Þeim er ætlað að koma upplýsingum áleiðis, til þess að fylgja eftir skóladagatali ásamt því að innra starfs er rætt og metið. Stöðufundir eru haldnir á hverjum morgni og taka þeir um fimm mínútur. Hver deild sendir einn fulltrúa á fundinn og einn starfsmaður kemur frá eldhúsi. Á fundinum fer leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri yfir stöðu dagsins og skilaboð úr dagbókum.<sup>96</sup> Skipulagsdagar eru fjórum sinnum á ári en þeir eru notaðir til skipulagningar á starfinu, kynnisferða og til að sækja námskeið<sup>97</sup>.

Starfsmannasamtöl fara fram árlega, síðast vorið 2012. Leikskólinn fylgdi stöðluðu viðtalsformi við framkvæmd starfsmannasamtala þar sem m.a. var spurt um líðan í starfi, markmið, símenntun, hvað gengi vel, hvað mætti betur fara og samskipti á vinnustað.<sup>98</sup> Leikskólastjóri tekur saman niðurstöður starfsmannasamtala og sendir mannauðsstjóra Fjarðabyggðar á stöðluðu formi<sup>99</sup>. Samkvæmt stjórnendum er upplýsingum komið á framfæri við starfsmenn í gegnum stöðufundi, upplýsingatöflu, dagþingan, fundagerðir, deildarfundir, starfsmannafundi og á skipulagsdögum.<sup>100</sup> Þessu eru starfsmenn sammála en bæta við að upplýsingum sé einnig komið á framfæri í gegnum sameiginlegt tölvusvæði.<sup>101</sup>

### 5.4. Mat úttektaraðila

- Hlutfall leikskólakennara við skólann er 23,1%. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur og sveitarfélagið til að halda áfram aðgerðum til að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna.
- Starfsmannavelta leikskólans það sem af er árinu 2012 var 38,5%. Eðlilegar ástæður liggja þar að baki. Mikilvægt er að mati úttektaraðila að stjórnendur geri áætlun um endurnýjun í starfsmannahópnum. Þá sé velta starfsmanna, s.s. starfslok vegna aldurs, í meira mæli fyrirsjáanleg og hægt að standa betur að undirbúningi og nýliðun ásamt því að hægt er að gera viðeigandi ráðstafanir.

93 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

94 Gögn frá leikskólastjóra

95 Fundargerðir starfsmannafunda 2. okt, 4. sept og 3. jan 2012

96 Gögn frá leikskólastjóra

97 Skólanámskrá Lyngholts: 24

98 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

99 Gögn frá leikskólastjóra

100 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

101 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

## Úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði, 2012

- Leikskólinn hefur ferli um móttöku nýliða. Við nýliðun haustið 2012 var ekki stuðst við ferlið. Mikilvægt er að við móttöku nýliða sé unnið eftir ferlinu. Með því er líklegra að starfsmaður haldist í starfi og komist fyrr inn í starf sitt en ella.
- Skólinn hefur ekki formlega sí- og endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk sitt. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur til að bæta þar úr.
- Starfsmannastefna og starfsmannahandbók eru til á leikskólanum og eru þær aðgengilegar starfsfólki. Formlegir fundir og boðskipti eru með ágætum. Starfsmannasamtöl fara fram árlega og er samantekt úr þeim skilað til mannauðsstjóra sveitarfélagsins. Gott upplýsingaflæði er á leikskólanum.

## 6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN

### 6.1. Nemendur

*Ákvörðun um fjölda barna skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu<sup>102</sup>.*

Við skólann stunda alls 80 börn nám, 40 drengir og 40 stúlkur. Börnin eru á aldrinum eins til fimm ára (árgangar 2011 - 2007). Flest börnin eru fædd árið 2009 en fæst árið 2011. Meðalfjöldi í hópi er fjögur til tíu börn<sup>103</sup>. Í töflu 2 og 3 má sjá skiptingu barna eftir deildum og árgangi ásamt fjölda nemenda eftir dvalartíma.

**Tafla 2. Skipting barna eftir deild og árgangi.**

|                     | Asparholt | Birkiholt | Furuholt  | Greniholt | Samtals   |
|---------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| <b>Fjöldi barna</b> | <b>16</b> | <b>22</b> | <b>28</b> | <b>14</b> | <b>80</b> |
| 2011                | 5         | 0         | 0         | 5         | 10        |
| 2010                | 11        | 0         | 0         | 9         | 20        |
| 2009                | 0         | 22        | 0         | 0         | 22        |
| 2008                | 0         | 0         | 13        | 0         | 13        |
| 2007                | 0         | 0         | 15        | 0         | 15        |

**Tafla 3. Fjöldi barna eftir dvalartíma.**

| Dvalartími   | 3-5 klst. | 5-7 klst. | 7 - 9 klst. | Samtals |
|--------------|-----------|-----------|-------------|---------|
| Fjöldi barna | 4         | 17        | 59          | 80      |

### 6.2. Daglegt starf leikskólans

Daglegur opnunartími leikskólans er frá 7:45 – 16:15 alla daga. Á hverri deild er stundaskrá þar sem gerð er nánari grein fyrir starfi deildanna og tímasetningum. Í dagskipulagi allra deilda eru fastir punktar vegna matar, hvíldar og rólegrar stundar. Rætt er um dagskipulag og breytingar á því á deildarfundum og að endurmati koma starfsmenn deildanna og stjórnendur leikskólans.<sup>104</sup> Að sögn deildarstjóra hafa þeir möguleika á að útfæra starfið með starfsmönnum deilda í samráði við leikskólastjórnendur.<sup>105</sup> Skóladagatal og mánaðardagatal er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.<sup>106</sup>

Aðlögun barna er einstaklingsbundin. Hópstjórar taka ákvörðun í samráði við foreldra um hvernig aðlögun skuli háttað. Fyrstu daga aðlögunar er gert ráð fyrir að foreldri fylgi barninu og kynnist um leið aðstæðum og starfsháttum skólans. Sami starfsmaður fylgir barninu í aðlögunarferlinu. Aðlögun barna af erlendum uppruna fer fram með sama hætti. Þó eru foreldrar beðnir um viðbótarupplýsingar sem tengjast heimalandi þeirra s.s. algeng orð á móðurmáli, þjóðfána, hátíðsdaga o.s.fv. Jafnframt fá tvítýngd börn málörvunartíma og reynt er að bjóða upp á

<sup>102</sup> Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

<sup>103</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>104</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>105</sup> Fundur með deildarstjórum

<sup>106</sup> Heimasíða Lyngholts



móðurmálskennslu<sup>107</sup>. Að sögn allra starfsmanna eru verkferlar vegna aðlögunar skýrir og skriflegir. Að sögn starfsmanna hefur aðlögun gengið betur eftir að deildum var aldursblandað. Það hafi verið meira álag áður, aðlögun hafi einfaldast og tilfærsla sé minni fyrir vikið.<sup>108</sup> Foreldrar taka undir að verkferlar aðlögunar séu skýrir, þeir benda þó á að endurskoða megi aðlögun vegna tilfærslu milli deilda.<sup>109</sup>

Leikskólinn hefur ekki sett sér skrifleg námsmarkmið en að sögn stjórnenda hefur skólinn sett sér markmið um hvernig nemendur þeir ætli að útskrifa t.d. með sterka umhverfisvitund. *Við horfum meira á starfið sem upplifanir og að þjálfa nemendur en metum ekki hæfni í færniskemum og snillikortum. Við vinnum með greindir út frá Gardner og í Uppeldi til ábyrgðar erum við að setja markmið um að þekkja tilfinningar og læra að stjórna sjálfum sér.*<sup>110</sup> Að mati leikskólastjórnenda ríkir sátt milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins.<sup>111</sup> Foreldrar eru almennt sáttir við fyrirkomulag starfsins og segjast vera hvattir til að segja skoðun sína, fjölbreytileiki einstaklinga fái notið sín og það skíni í gegnum börnin að starfið sé gott. Hluti foreldra í rýnihópum bendir þó á að betur megi skoða aldursblöndun á deildum, eldri börn séu sett með sér yngri börnum og fái ekki krefjandi verkefni þar sem „himinn og haf“ sé þarna á milli í þroska. Þetta sé einnig erfitt fyrir yngri börnin þar sem þau eldri eru meira á ferðinni í kringum þau. Að sögn foreldra er þetta fyrirkomulag tilraun og þeir séu að ræða þetta við leikskólann.<sup>112</sup>

### 6.3. Leikur og nám

*Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfspróttinn og börnum eðlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn..... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt*<sup>113</sup>

Lögð er áhersla á að skapa skilyrði fyrir leik á leikskólanum og er honum ætlaður staður í stundaskránni bæði með vali og hópastarfi. Þannig er börnum gefinn kostur á að leika í litlum hópi. Eins er leikið mikið úti og inni í óskipulögðum stundum.<sup>114</sup> Í stundaskrá deilda er frjáls leikur allt frá c.a. 5 klst upp í tæpar 7 klst af 8,5 klst af dagskipulagi leikskólans. Mest allt nám fer fram í gegnum leik, s.s. val, hópastarf, vettvangsferðir, málörvun, útivera og íþróttir<sup>115</sup>. Boðið er upp á val á elstu deild leikskólans og er ætlunin að taka það upp á næst elstu deild eftir áramót. Í frjálsum stundum eru ákveðin verkefni í boði sem börnin geta valið á milli. Í hópastarfi er unnið eftir ákveðinni dagskrá deildarinnar. Kennari skipuleggur í flestum tilvikum starfið en tekur mið af óskum og hugmyndum barnanna.<sup>116</sup>

Að sögn deildarstjóra, starfsmanna og foreldra hefur leikurinn mjög mikið vægi á leikskólanum. Áhrif barna á vægi leiksins felast fyrst og fremst að mati leikskólastjóra og

<sup>107</sup> Skólanámskrá Lyngholts: 24 - 25

<sup>108</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>109</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>110</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>111</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>112</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>113</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 26

<sup>114</sup> Skólanámskrá Lyngholts: 18

<sup>115</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>116</sup> Gögn frá leikskólastjóra

deildarstjóra í samsetningu barnahópsins, tímalengd og vali á leikefni. Að sögn starfsmanna þurfa þeir stundum að vera „fastir á tímalengd“, en þeir hafi verið að slaka meira á með þetta núna en fyrir nokkrum árum. Þeir benda á að börnin fái að velja hvaða leikefni þau langar að vera með og reynt sé að fara að þeirra óskum.<sup>117</sup> Nemendur telja sig ekki mega ráða hvenær þeir leika eða hve lengi, en þeir stjórni við hvern þeir leiki sér. *Ég leik við XXXXX og við leikum saman með húfu. Mér finnst skemmtilegast að leika við XXXXX. Við megum ekki leika á klósettinu því þar á maður að pissa og líka fara í bað. Við eigum að leika inni í hvíld og heima*<sup>118</sup>

## 6.4. Leikefni og efniviður

*Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri....Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana*<sup>119</sup>.

Á Lyngholti hefur nær eingöngu verið unnið með opinn efnivið. Með opnum efnivið er átt við leikefni sem ekki felur í sér fyrirframgefnar lausnir heldur höfðar til sköpunarkrafts og leikgleði sem heldur öllum möguleikum opnum. Lokaður efniviður felur í sér fyrirframgefnar lausnir s.s. púsluspil, bíla o.fl. Val á opna efniviðnum miðast við áherslu á uppgötvunarnám. Síðustu ár hefur lokaður efniviður komið meira inn í starfið s.s. bílar og fl. *Við höfum einnig verið mikið með þemakassa út frá hlutverkaleik og verið með „alvöru“ dót þ.e. gamla síma, lyklaborð, dagbækur, dósir og pakka undan matvælum og fleira sem fellur til í húsinu og erum að flétta umhverfisstarf og endurnýtingu þar inn í.*<sup>120</sup>

Að sögn leikskólastjóra eru helstu rökin fyrir opnum efnivið þau að barnið læri betri stjórn á nýtingu út frá umhverfissjónarmiðum. *Við viljum að þau læri endurnýtingu, fari vel með náttúru og skapi nýtt úr rusli.*<sup>121</sup> Að þeirra sögn hefur lokaður efniviður aukist sérstaklega á yngri deildunum og er ástæðan fyrst og fremst sú að þeim hefur fundist yngri börnin skorta þroska og ímyndunarafl til að nota opinn efnivið. Deildarstjórar og starfsmenn taka undir þessi sjónarmið. Allir starfsmenn eru sáttir við það leikefni og efnivið sem leikskólinn býður upp á en foreldrar benda á að mikið sé um rusl, skyrdollur, dósir og alls konar plastdót. Allt í lagi sé að leika sér með þetta en slíkt leikefni sé nokkuð stór hluti. Að sögn foreldra þá hafa nemendur á eldri deildum meiri aðgang að leikefni en á þeim yngri og hann sé einnig fjölbreyttari.<sup>122</sup> Áhrif barna á val á leikefni felast fyrst og fremst í því að hafa val um það sem til er á leikskólanum. Að sögn stjórnenda hefur verið lagt mat á viðhorf elstu barnanna með því að nota til þess broskarla en leikefni var ekki inni í því. Börnin fái þó að koma með hugmyndir og það sé gripið ef hægt er. Nemendur telja sig ekki ráða hvaða leikföng eru á leikskólanum, það þurfi að spyrja kennarann. *Nei kennarinn ræður. Tölva er skemmtilegust og að fara upp á loft að leika með föt og einingakubba og búálfana sem eru á bak við litlu hurðina*<sup>123</sup>

<sup>117</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>118</sup> Rýnihópur nemenda

<sup>119</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 27

<sup>120</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>121</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>122</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>123</sup> Rýnihópur nemenda

## 6.5. Líðan nemenda

Að sögn stjórnenda og annars starfsfólks er lögð áhersla á góða líðan nemenda á leikskólanum. Fylgst er með hvort börnin eigi félaga, hvernig þau leiki sér og talað er við þau um tilfinningar. Áhersla er á framkomu, samskipti, virðingu í samræðum og horft er á einstaklinginn og það sem hver og einn þarf.<sup>124</sup> „Róa sig horn“ er á hverri deild með myndum sem lýsa tilfinningum, að sögn deildarstjóra og starfsfólks. *Ef nemendum líður ekki vel er þeim boðið að fara í hornið og benda á myndina sem lýsir helst líðan þeirra. Börnin geta ávallt valið sjálf um að fara í hornið. Að sögn starfsmanna kemur Uppeldi til ábyrgðar líka inn á líðan barna.*<sup>125</sup>

Ef grunur kemur upp um að barni líði illa þá eru ekki til skriflegir verkferlar. Að sögn stjórnenda ræðir deildarstjóri, eða annar sem tengist barninu, við það og reynir að leysa úr málum. Ef málið er alvarlegra er sérkennslustjóri og leikskólastjórndur kallaðir til og rætt um hvað gera skuli í kjölfarið. Ávallt sé rætt við foreldra og svo skólaskrifstofu ef þarf. Meðal úrræða, að sögn stjórnenda, er að setja upp hróskerfi, einstaklingssathygli og búa til félagahópa inni á deildum.<sup>126</sup> Deildarstjórar benda á nálægðina, þeir tali við sérkennslustjóra og hann sé oft beðinn um álit og stundum þurfi að beina málum til sálfræðings eða annað í samvinnu við foreldra. Að sögn leikskólastjórna og starfsmanna þá leita starfsmenn til deildarstjóra ef upp kemur grunur um að barni líði illa og hann kemur því svo áfram. Að sögn nemenda líður þeim vel í leikskólanum, það sé gaman að búa til leir og setja í hann salt og hveiti. Að þeirra sögn kalla þau í kennarann ef þeim líður illa og hugga hvort annað og segja „fyrirgefðu“.<sup>127</sup>

## 6.6. Lýðræði og mannréttindi

Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á að mæta börnum út frá styrkleikum þeirra og áhugasviði og nýta það til að efla veikari hliðar. *Við nýtum okkur verkfæri úr Uppeldi til ábyrgðar s.s. stutt inn grip, reglufestu og að horfa eftir því hvaða þörf barnið er að reyna að uppfylla. Við leggjum áherslu á hlustun og opnar spurningar og við aðstoðum börnin við að ræða sín á milli atvik sem upp koma og hvað er hægt að gera í framhaldinu.*<sup>128</sup> Að sögn stjórnenda hefur aðeins verið notast við *Könnunaraðferðina* í hópastarfi. Rætt sé saman um hvað gera á í hópastarfi eða vettvangsferð og oft valið út frá því. Á yngri deild sé unnið með *Könnunarleikinn*.<sup>129</sup> Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum. Þau taka þátt í að velja mat til að setja á matseðil, aðstoða við undirbúning vegna matmálstíma og hjálpa til við frágang. Að sögn stjórnenda taka elstu börnin þátt í mati á skólasterfinu og gera markmiðslista yfir það sem þau vilja gera í starfi vetrarins. Einnig taka elstu börnin þátt í Grænfánafundum.<sup>130</sup>

Að sögn deildarstjóra eru möguleikar barna til að hafa lýðræðisleg áhrif mjög góðir. *Við erum dugleg að spyrja hvað þau langar s.s. hvað þau vilji hafa í matinn, velja hamingjudaga og hvort þau vilji fara út eða vera inni. Sumir segjast vilja vera inni en skipta svo um skoðun og þá fara*

<sup>124</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>125</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>126</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>127</sup> Rýnihópur nemenda

<sup>128</sup> Gögn frá leikskólastjóra; Gögn frá sérkennslustjóra

<sup>129</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>130</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

*þau út. Það má skipta um skoðun.*<sup>131</sup> Að sögn starfsmanna taka börnin þátt í að velja hamingjudaga og matseðla, þau komi með hugmyndir semji reglur og skrifi niður hvað þau vilja gera í öðlingastarfi. *Við leitum til þeirra og spyrjum þau.*<sup>132</sup> Að sögn nemenda stjórna kennararnir í leikskólanum en þeir stjórna hvar þeir labba og hvaða dót þeir eru með í hvíldinni. Þeir búa til merki með höndunum sem þýðir læti og annað merki þýðir stillt. Þegar þeir eru spurð hvort það sé eitthvað sem þau vilji breyta þá benda þeir á að hoppa. *Já langar að fá að hoppa.*<sup>133</sup>

## 6.7. Samskipti agi og hegðun.

Einn af meginþáttum uppeldisstefnu sveitarfélagsins, sem samþykkt var í febrúar 2010 er að tekin verði upp vinna með ART-færniþjálfun. Verið er að innleiða ART í Lyngholti. ART þjálfar félagsfærni, sjálfstjórn og samskiptafærni með ákveðnum aðferðum og er aðallega notuð með elstu börnum skólans.<sup>134</sup> Leikskólinn hefur sett sér skriflega verkferla með úrræðum á ofbeldishegðun. Einnig er unnið er með agastjórn í *Uppeldi til ábyrgðar*.<sup>135</sup>

Að sögn stjórnenda er ekki nákvæmlega eins tekið á málum milli deilda en unnið sé út frá þroska barnanna og það sé rauður þráður hjá öllum.<sup>136</sup> Að sögn deildarstjóra eru verkferlar um úrræði við ofbeldishegðun og *Uppeldi til ábyrgðar* notuð yfir allan skólann og ART-færniþjálfun sé notuð með elstu nemendunum en ekki þeim yngri.<sup>137</sup> Að sögn starfsmanna eru samræmdir ferlar úr *Uppeldi til ábyrgðar*, hrósmeðferð sé oft notuð sem og samskiptabækur. Þeir benda á að ef um ofbeldishegðun sé að ræða þá setjist börnin á stól í jafn margar mínútur og aldur þeirra og rætt sé við þau.<sup>138</sup> Að sögn nemenda þá er þeim hjálpað ef þau kunna ekki að stjórna sér. *Já hjálpa manni og sagt uss. Kennt að hlýða sér. Ef við erum góð þá kemur jólasveinninn og setur nammi í skóinn. Efeinhver er ekki vinur þá bara finna annan vin.*<sup>139</sup>

## 6.8. Skólaþróun

*Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu*<sup>140</sup>.

Lyngholt er að innleiða tvær nýjar stefnur hjá sér í samræmi við áherslur sem fram koma í skólastefnu sveitarfélagsins sem samþykkt var í febrúar 2010. *Uppeldi til ábyrgðar* og ART-færniþjálfun. Skipaður hefur verið stefnuhópur innan leikskólans en meðal verkefna hans er að setja fram áhersluatriði varðandi þessi þróunarverkefni. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna gengur vel að innleiða *Uppeldi til ábyrgðar* en starfsmenn benda á meiri tíma vanti til að koma starfsfólki betur inn í það.<sup>141</sup> Þróunarverkefninu *Nám í gegnum íþróttir* lauk formlega 2007 en í ársáætlun leikskólans kemur fram að sátt

131 Fundur með deildarstjórum

132 Rýnihópur starfsmanna

133 Rýnihópur nemenda

134 Gögn frá leikskólastjóra

135 Gögn frá leikskólastjóra

136 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

137 Fundur með deildarstjórum

138 Rýnihópur starfsmanna

139 Rýnihópur nemenda

140 Aðalnámskrá 2011:34

141 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

sé í starfsmannahópnum um að halda áfram á þeirri braut sem verkefnið hefur skilað.<sup>142</sup> Að sögn stjórnenda og starfsmanna hefur gengið vel að festa áhrif þróunarverkefnisins í sessi. Fastir liðir úr því séu í starfinu s.s skipulögð hreyfistund, stutt stund og morguníþróttir.<sup>143</sup>

### 6.9. Mat úttektaraðila

- Dagskipulag liggur fyrir og ríkir almenn sátt um það á leikskólanum. Það er ekki aðgengilegt á heimasíðu leikskólans en þar má finna stundaskrár deilda, skóladagatal og mánaðardagatal. Æskilegt er að dagskipulag sé aðgengilegt á heimasíðu skólans.
- Verkferlar vegna aðlögunar eru skýrir og skriflegir. Endurskoða má aðlögun vegna tilfærslu nemenda milli deilda.
- Leikskólinn hefur að einhverju leiti sett sér námsmarkmið en þau eru ekki skrifleg og er hann hvattur til að bæta úr því, t.d. við endurskoðun skólanámskrár.
- Almenn sátt ríkir um fyrirkomulag starfsins. Hluti foreldra í rýnihópi bendir þó á að betur megi skoða aldursblöndun á deildum. Æskilegt er að leikskólinn leiti leiða að auknu samstarfi við foreldra vegna þessa.
- Vægi frjálsa leiksins er nægilegt.
- Sátt ríkir um það leikefni og efnivið sem leikskólinn býður upp á en foreldrar benda þó á að mikið sé um rusl, skyrdollur, dósir og alls konar plastdót. Áhrif nemenda á val á leikefni felast fyrst og fremst í því að hafa val um það sem til er. Úttektaraðilar telja mikilvægt að upplýsa foreldra betur um hvernig val á leikefni og efnivið tengist stefnu og áherslum leikskólans. Auka má þátttöku nemenda við val á leikefni.
- Lýðræðisleg áhrif nemenda eru töluverð og skýrir ferlar liggja fyrir varðandi líðan þeirra en þeir eru ekki skriflegir. Ekki liggur fyrir mat á líðan nemenda og mætti leikskólinn bæta úr því.
- Leikskólinn hefur sett sér skriflega verkferla vegna ofbeldishegðunar og unnið er með agastjórn í *Uppeldi til ábyrgðar* sem verið er að innleiða á leikskólanum. Einnig er unnið með *ART* – færnipjálfun sem aðallega er notuð með elstu nemendum skólans. Að sögn stjórnenda er ekki eins tekið á málum milli deilda og leita þarf leiða til að bætt verði úr því.
- Skólaþróun er með ágætum á leikskólanum. Þróunarverkefninu *Nám í gegnum íþróttir* lauk formlega 2007 og hefur gengið vel að festa áhrif verkefnisins í sessi. Einnig er verið að innleiða *Uppeldi til ábyrgðar* og *ART* – færnipjálfun. Starfsmenn benda á að það vanti meiri tíma til að koma starfsfólki betur inn í *Uppeldi til ábyrgðar* og er hvatt til að skoðaðar verði leiðir til úrbóta.

142 Ársáætlun sept 2010

143 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

## 7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

*Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.<sup>144</sup> Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna.<sup>145</sup>*

Að sögn stjórnenda og starfsmanna einkennist skólabragur leikskólans af samhug, virðingu, gleði, hreinskilni og jákvæðni. Til þess að byggja upp jákvæðan skólabrag og stuðla að vellíðan barna hefur leikskólinn útbúið starfsmannasáttmála. Ennfremur leggur starfsfólk sig fram við, að þeirra sögn, að hrósa hvert öðru, halda starfsmannaskemmtanir, efla vináttu meðal starfsmanna, setja gullkorn upp á vegg um hvað er að vera góður vinur og leggja áherslu á að byrja daginn með ákveðið viðhorf. Að sögn þeirra er stuðlað að vellíðan barna með því að starfsmenn séu þeim fyrirmynd, taka á móti þeim með gleði og að það þurfi ekki allir að vera eins.<sup>146</sup>

### 7.1. Starfsandi og samskipti

Starfsandi er góður í leikskólanum að mati stjórnenda og starfsmanna hans.<sup>147</sup> Að sögn stjórnenda er fylgst með starfsanda og ánægju í leikskólanum. Kannanir hafi verið lagðar fyrir starfsmenn ásamt því að líðan og samskipti séu rædd í starfsmannasamtölum. Skv. stjórnendum þá náðist ekki að leggja könnun fyrir starfsmenn síðasta skólaár. Ennfremur sé lagt mat á ánægju barna en það sé ekki skriflegt nema „broskallamat“ sem er aðeins lagt fyrir elsta árgang leikskólans.<sup>148</sup> Í viðhorfsskönnun sem Fjarðabyggð lagði fyrir starfsmenn sína árið 2010 kemur fram að Lyngholt er yfir viðmiðunargildi sveitarfélagsins í þáttum er snúa að starfsánægju, hollustu, samstarfi, starfsanda og ímynd. Starfsánægja og starfsandi meðal starfsfólks var á styrkleikabili eða yfir 4,2. Jafnframt kom fram að vinnuálag og steita var undir viðmiðum sveitarfélagsins eða á aðgerðabili, undir 3,7.<sup>149</sup> Líkt og áður var greint frá þá eru tvö ár liðin frá því að könnunin var lögð fyrir og töluverð endurnýjun á starfsfólki átt sér stað frá þeim tíma.

Almennt sögðust foreldrar, sem rætt var við, upplifa samskipti sín og barna sinna við leikskólann jákvæð. Þeir benda þó á að skortur hafi verið á upplýsingaflæði til starfsmanns á skilavakt. Foreldrar hafi t.d. nýlega leitað eftir upplýsingum í tengslum við barn sitt, s.s. skrámur, við lok dags en þá hafi starfsmaður á skilavakt ekki haft þær upplýsingar. Ennfremur að sama eigi við um morgunvakt en upplýsingar sem henni séu veittar komist ekki alltaf til skila til starfsfólks viðeigandi deilda. Að sögn foreldra er leikskólinn meðvitaður um þetta vandamál og þeir hvattir til að hafa samband og vera í samskiptum.<sup>150</sup>

### 7.2. Jafnrétti

Skólinn hefur ekki sett sér eiginlega jafnréttisstefnu en í einkunnarorðum skólans er lögð áhersla á að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar o.s.frv. Leikskólinn hefur jafnréttisáætlun, sem á bæði við starfsmenn og börn, þar sem m.a. er

<sup>144</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 15

<sup>145</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 22

<sup>146</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórnum; Fundur með deildarstjórnum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>147</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórnum; Fundur með deildarstjórnum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>148</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórnum

<sup>149</sup> Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Fjarðabyggðar 2010

<sup>150</sup> Rýnihópur foreldra

gert ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál ásamt því að áhersluatriði eru sett fram, annars vegar varðandi starfsmenn og hins vegar varðandi nemendur og kennslu<sup>151</sup>.

Að sögn starfsmanna eru þeir upplýstir um jafnréttisáætlun leikskólans og að hún sé jafnframt aðgengileg á vefsíðu leikskólans.<sup>152</sup> Að sögn stjórnenda og starfsmanna er jafnréttis gætt í starfi leikskólans með því að huga að því, bera virðingu fyrir einstaklingnum, hafa skilning á ólíkri menningu, yfirfara jafnréttisáætlun á starfsmannafundum, vilji sé til að hækka hlutfall karla sem starfa við skólann, sungið sé á mismunandi tungumálum, þemakassar yfirfarnir m.t.t. kynja, starfsfólk meðvitað um að koma eins fram við börn sama hvort kynið það er, val á lestrarbókum höfði til beggja kynja o.fl.<sup>153</sup>

Skrifleg móttökuáætlun er til staðar vegna erlendra barna á leikskólanum og er hún samræmd fyrir alla skóla sveitarfélagsins. Ennfremur er starfsmaður á vegum sveitarfélagsins móttökufulltrúi nýbúa og getur leikskólinn leitað til hans eftir þörfum. Leikskólinn getur óskað eftir túlki ef þess þarf.<sup>154</sup> Leikskólinn hefur skv. deildarstjórum áætlun um málörvun fyrir erlend börn.<sup>155</sup>

### 7.3. Þátttaka og áhrif

Starfsmenn, sem rætt var við, sögðu þátttöku sína og áhrif nægileg í tengslum við breytingar er viðkoma skólastarfinu. Að þeirra sögn er hlustað á hugmyndir þeirra en helst hafi skort fjármagn til að framkvæma þær fremur en vilja meðal stjórnenda.<sup>156</sup> Foreldrar segjast vera hvattir til að koma með tillögur og aðgengi að stjórnendum leikskólans sé mjög gott. Þó kom fram að þeir telja sig ekki hafa bein áhrif á stefnu eða hugmyndafræði leikskólans. Þeim sé kynnt efnið en ekki spurðir álits. Misjafnar skoðanir komu fram meðal foreldra hvernig stjórnendur leikskólans tækju tillit til athugasemda frá þeim.<sup>157</sup> Að sögn barnanna þá mega þau ráða með hverjum þau leika en kennarinn ráði hvað þau leiki með, hvenær, hve lengi og hvar þau leiki sér.

### 7.4. Einelti

Lyngholt hefur sett sér eineltisáætlun. Í henni koma fram markmið eineltisáætlunarinnar, einkenni og viðbrögð við einelti. Farið er yfir ferli eineltismála milli starfsmanna, barna og eineltismála milli kennara og barna. Að sögn stjórnenda er farið yfir þessi mál á starfsmannafundi og að eineltisáætlun hangi upp á kaffistofu. Ef upp kemur grunur um einelti er farið eftir áætluninni.<sup>158</sup> Eineltisáætlun leikskólans er aðgengileg á heimasíðu hans. Til þess að kanna líðan nemenda er fylgst með leiknum, vinamyndun og reynt að vera vakandi. „Broskallamat“ er lagt fyrir elsta árgang leikskólans.<sup>159</sup>

Ef upp kemur að barni líði illa er, að sögn stjórnenda, leitast við að finna undirliggjandi ástæðu fyrir vanlíðan barnsins ásamt því að ákveðið ferli er sett af stað ef um alvarleg tilvik er að

<sup>151</sup> Jafnréttisáætlun Lyngholts 2010 – 2011 / 2011 – 2012

<sup>152</sup> Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>153</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>154</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>155</sup> Fundur með deildarstjórum

<sup>156</sup> Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>157</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>158</sup> Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

<sup>159</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum

ræða.<sup>160</sup> Að sögn stjórnenda og starfsmanna hafa komið upp eineltismál milli starfsmanna og í barnahópnum. Við úrvinnslu eineltismáls sem kom upp meðal starfsmanna var fengin ráðgjöf frá Skólaskrifstofu Austurlands. Að sögn stjórnenda og starfsmanna hefur verið lögð áhersla síðastliðin tvö ár á að vera vakandi fyrir einelti meðal barna og að einelti byrji í leikskólum en ekki grunnskólum. Ennfremur kom fram að eineltisáætlun leikskólans sé þeim aðgengileg á kaffistofu og á vefsíðu leikskólans.<sup>161</sup> Skv. stjórnendum og starfsfólki ríkir sátt um hvernig leikskólinn tekur á eineltismálum. Að sögn foreldra, sem rætt var við, hafa þeir ekki upplifað né verið upplýstir um hvernig leikskólinn taki á eineltismálum. Þeir benda þó á að þeir hafi ekki leitað eftir þeim upplýsingum og þær sé vafalaust að finna á vefsíðu leikskólans.<sup>162</sup>

## 7.5. Mat úttektaraðila

- Góður starfsandi er á leikskólanum og skólabragur er jákvæður. Viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólans staðfestir góðan og jákvæðan starfsanda og skólabrag.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti sín við starfsmenn leikskólans en benda á að misbrestur hafi verið á að upplýsingar komist til skila milli deilda og starfsmanna á skilavakt/morgunvakt. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur til að vinna að auknu upplýsingaflæði milli starfsmanna s.s. með gerð skriflegs verkferils.
- Jafnréttisáætlun, sem á við bæði börn og starfsmenn, liggur fyrir en leikskólinn hefur ekki sett sér eiginlega jafnréttisstefnu. Einkunnarorð skólans leggja áherslu á jafnrétti. Starfsmenn eru upplýstir um jafnréttisáætlun leikskólans ásamt því að hún er aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna er til skrifleg og samræmd fyrir alla skóla sveitarfélagsins. Einnig hefur skólinn sérstaka áætlun um málörvun vegna barna af erlendum uppruna. Jafnframt starfar á vegum sveitarfélagsins móttökufulltrúi nýbúa sem leikskólinn getur leitað til.
- Þátttaka og áhrif starfsmanna og barna eru nægileg að mati úttektaraðila. Misjafnar skoðanir komu fram meðal þeirra foreldra, sem rætt var við, um hver og hvernig áhrifum þeirra væri háttað. Mikilvægt er að mati úttektaraðila að foreldrum verði gert í meira mæli grein fyrir áhrifum og aðkomu sinni að skólastarfinu og stefnumótun þess.
- Leikskólinn hefur sett sér eineltisáætlun, hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans og á kaffistofu. Eineltismál hefur komið upp milli starfsmanna og í barnahópnum. Stjórnendur og starfsfólk er sátt við hvernig tekið er á eineltismálum. Foreldrar gátu ekki sagt til um hvort sátt ríkti meðal þeirra um hvernig leikskólinn tæki á eineltismálum þar sem þeir hefðu ekki reynslu af því né verið kynnt það. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur til stuðla að aukinni vitund meðal foreldra um eineltisáætlun.

<sup>160</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>161</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>162</sup> Rýnihópur foreldra



## 8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

*Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskrárgerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun<sup>163</sup>. Náms svið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning<sup>164</sup>.*

Leikskólinn vinnur að sögn stjórnenda að því að aðlaga skólastarf að nýrri aðalnámskrá leikskóla. Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að hann starfar eftir námssviðum aðalnámskrár leikskóla frá árinu 1999 en þau eru hreyfing, myndsköpun, menning og samfélag, náttúra og umhverfi, málrækt og tónlist. Fyrir hvert námssvið eru tilgreind markmið og leiðir leikskólans að þeim markmiðum.<sup>165</sup> Að sögn leikskólastjórnenda hafa námssviðslýsingar leikskólans að einhverjum hluta verið lagaðar að nýjum námssviðum aðalnámskrár 2011 en þeirri vinnu sé ekki lokið. *Við erum aðeins byrjuð að ýta boltanum af stað. Við tókum námssviðin og vorum með skráningarkerfi, við gerðum mánaðarplan og yfirfærðum á milli námssviða þar.<sup>166</sup>* Að sögn deildarstjóra eru þeir byrjaðir að lesa aðalnámskrá og einhver vinna sé hafin sérstaklega varðandi lýðræði og mannréttindi. Listi með námssviðslýsingunum er hafður til hliðsjónar þegar mánaðarskipulag er gert og deildarstjórar/hópstjórar merki við þá námsþætti sem unnið er með. *Þannig náum við að hafa yfirsýn yfir hvort við erum að uppfylla skyldur okkar miðað við aðalnámskrá.<sup>167</sup>* Hér að neðan er gerð grein fyrir því hvernig skólinn vinnur að námssviðum aðalnámskrár 2011.

### 8.1. Samþætt og skapandi skólastarf

*Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla<sup>168</sup>.*

#### 8.1.1. Heilbrigði og velferð

Að sögn stjórnenda og starfsmanna er íþrótt- og hreyfistarf í föstum skorðum á Lyngholti og hefur leikskólinn sett sér skýr markmið og leiðir.<sup>169</sup> Morguníþróttir eru daglega ýmist úti eða inni og undir stjórn kennara eða nemanda. *Stutt stund nefnast íþróttir eða hreyfing að loknum kyrrsetum.<sup>170</sup>* Einnig eru íþróttatímar einu sinni í viku hjá öllum deildum. Lyngholt tók þátt í tveggja ára þróunarverkefni, *Learning through Sports* sem lauk árið 2007. Verkefnið var samvinnuverkefni Lyngholts og annarra skóla í Eistlandi, Búlgaríu og Bretlandi. Skv. skólanámskrá er mikil áhersla lögð á útivist. Öll börn skulu fara út a.m.k. einu sinni á dag. Farið skal í styttri og lengri vettvangsferðir í

<sup>163</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 9

<sup>164</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28

<sup>165</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011: 12

<sup>166</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>167</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>168</sup> Skólanámskrá Lyngholts: 20

<sup>169</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

hópastarfstímum og íþróttir og hreyfing fléttast inn í vettvangsferðirnar. Einnig reynir leikskólinn að hafa einn dag í viku sem sérstakan útivistardag.<sup>171</sup>

Á matmálistímum er lögð áhersla á hollustu og heilbrigði. Að sögn stjórnenda er farið eftir markmiðum lýðheilsustöðvar, lögð sé áhersla á að drekka vatn og öll börn eigi bolla inni á deild.<sup>172</sup> Starfsmenn benda á að allur matur sé unninn frá grunni á leikskólanum og keypt sé beint frá bónda og fiskurinn sé nýr og ófrosinn.<sup>173</sup> Alla daga er boðið upp á ávaxtastund og lýsi. Síðasta föstudag í mánuði er afmæliskaka skreytt af afmælisbörnum mánaðarins. Að loknum hádegisverði leggja yngstu nemendurnir sig. Tekið er mið af óskum foreldra varðandi lengd svefntímans. Eldri börnin hlusta á sögu eða geisladisk og velja sér síðan viðfangsefni.<sup>174</sup> Lyngholt er með skriflegt skipulag um matartíma, hvíldartíma og hreinlæti þar sem tekið er mið af greindum Gardners.<sup>175</sup>

### 8.1.2. Sjálfbærni og vísindi

Að sögn stjórnenda og deildarstjóra er Lyngholt Grænánaskóli og því er hugað að neysluvenjum og umgengnisháttum.<sup>176</sup> Lögð er áhersla á flokkun, endurnýtingu, pappírsgerð og náttúran er mikið nýtt sem námsefni. Sérstakt útinámssvæði er staðsett uppi við Stríðsárasafn og þar er aðstaða til að elda eða hita mat á hlóðum. Allar deildir eiga „Staðinn sinn“, það er svæði sem börnin heimsækja reglulega, hugsa um, leika og rannsaka. „Staðurinn minn“ er liður í úti- og hreyfinámi skólans. Vettvangsferðir eru á dagskránni.<sup>177</sup> Matjurtagarður er við skólann þar sem nemendur setja niður grænmeti, jarðarber og kartöflur. Starfsmenn benda á að búin sé til molta á leikskólanum en það mætti vera sýnilegra.<sup>178</sup> Á hverri deild eru safntunnur undir ávaxta- og grænmetisúrgang. Unnið er með stærðfræði á ýmsan hátt og börnin búa til leir með kennurum sínum. Að sögn deildarstjóra eru gerðar margs konar tilraunir á leikskólanum s.s. gera leir, mæla í og baka, blanda liti, gera tilraunir með klaka, að láta hlut detta o.s.frv.<sup>179</sup> Að sögn starfsmanna hefur kónguló verið haldin sem gæludýr í leikskólanum og á síðustu sumarhátíð leikskólans hafi verið vísindaborð sem vakti mikla athygli en þá hafi starfsmaður verið búinn að veiða dýr og pöddur sem sýndar voru.<sup>180</sup> Umhverfishópur fylgir eftir umhverfisstefnu leikskólans, setur markmið og leggur línur um áframhaldandi starf, deilir út verkefnum og hugar að með hvaða hætti nemendur komi sem mest að umhverfismálum.<sup>181</sup> Lögð er áhersla á að styrkja sjálfstæði nemenda og sjálfshjálp og hefur leikskólinn sett sér skriflega verkferla m.a. í matartímum, fataklefa og varðandi hreinlæti.<sup>182</sup>

<sup>171</sup> Skólanámskrá Lyngholts

<sup>172</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>173</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>174</sup> Skólanámskrá Lyngholts

<sup>175</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>176</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum ; Fundur með deildarstjórum

<sup>177</sup> Ársáætlun lyngholts 2010 - 2011

<sup>178</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum ; Rýnihópur starfsmanna

<sup>179</sup> Fundur með deildarstjórum

<sup>180</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>181</sup> Ársáætlun lyngholts 2010-2011

<sup>182</sup> Gögn frá leikskólastjóra

### 8.1.3. Sköpun og menning

Lyngholt hefur sett sér markmið og leiðir varðandi myndsköpun og annað skapandi starf á leikskólanum. Skipulagt listastarf er einu sinni í viku. Þess utan hafa börn á eldri deildum aðgang að skapandi efnivið í frjálsum stundum og vali. Börnum á yngri deildum er boðið upp á ýmsan efnivið, liti og blöð í frjálsum leik auk könnunarleiks.<sup>183</sup> Að sögn stjórnenda er mikið um endurunnið efni og opinn efnivið í listastarfi og lögð er áhersla á að nemendur skapi sjálfir ferlið og útkoman skipti ekki máli. Verið sé að ræða að leyfa börnunum að velja sjálf jólagjöf úr verkum sínum.<sup>184</sup> Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og börnin hvött til að leggja eigið mat á vinnu sína. Mikið er unnið með endurnýtanlegan efnivið. Á öllum deildum eru söngfundir á hverjum degi og þess á milli er hlustað á tónlist í leik og starfi.<sup>185</sup> Sérstakir tónlistartímar eru einu sinni í viku. Að sögn starfsmanna er mikið um tónlist á leikskólanum m.a. hafi verið búið til útihljóðfæri úr alls konar efnivið til að búa til hljóð. Sumarhátíðin hafi líka verið mjög skemmtileg, þar hafi verið boðið upp á smíðahorn og mikið sé af dóti til að vinna s.s. að klæða staura í striga.<sup>186</sup>

Leikskólinn tekur þátt í ýmsum athöfnum í samfélaginu t.d. á *Degi leikskólans*, býður til sín gestum á bónda- og konudaginn, heldur sýningar í bænum og heimsækir stofnanir og fyrirtæki. Hafðir eru í heiðri íslenskir þjóðhættir eins og 17. júní, þorablót, bolludagur, sprengidagur, öskudagur o.fl. Leikskólinn er fjölmenningarlegur, við hann starfa bæði kennarar og nemendur frá öðrum löndum. Lögð er áhersla á að kynnast samfélaginu og þeim þjóðlöndum sem nemendur eiga rætur í. Haldnar eru þjóðavíkur, þjóðfánar og kveðjan, „góðan dag“ á móðurmáli viðkomandi nemenda eru í fataklefum. „Velkomin í leikskólann“ er í glerskála á tungumálum skólans og einnig er verið að læra söngva og að telja upp í þrjá á öllum tungumálum skólans.<sup>187</sup>

### 8.1.4. Læsi og samskipti

Að sögn stjórnenda á mikil ritmálsörvun sér stað í Lyngholti. Skipulagðir málörvunartímar eru þrisvar í viku á öllum deildum, söngfundir eru á hverjum degi og málörvun samþætt öllu starfi skólans.<sup>188</sup> *Tákn með tali* er orðið að föstum lið í starfinu. Unnið er markvisst með tákn vikunnar á öllum deildum nema þeirri elstu.<sup>189</sup> Í *Markvissri málörvun* felst að unnið er með rím, ljóð, vísur, sögur, takt, samstöfur, orð og setningar og að koma fram fyrir hóp. Að auki er hefðbundinn bóklestur, farið með þulur og ljóð á hverjum degi. Að sögn deildarstjóra eru hólf og herbergi merkt og stafróf með myndum. Þeir benda á að það virki oft vel að nota matmálstíma í málörvun.<sup>190</sup>

Á elstu deild hafa nemendur aðgang að tölvu. Á öllum deildum er hægt að vera með tölvur en mjög lítið er gert af því að sögn starfsmanna. Í hópastarfi er oft unnið með *Könnunaraðferðina* með eldri nemendum. Aðferðin byggist á miklum umræðum og þátttöku

<sup>183</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>184</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>185</sup> Ársáætlun Lyngholts 2010-2011

<sup>186</sup> Rýnihópur starfsmanna

<sup>187</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>188</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>189</sup> Ársáætlun Lyngholt 2010-2011

<sup>190</sup> Fundur með deildarstjórum

nemenda. Nemendur hafa einnig tækifæri til að hafa áhrif á hvað gert er í hópastarfi yfir veturinn. Ritmál er sýnilegt í leikskólanum<sup>191</sup> Lögð er áhersla að virða styrkleika hvers og eins „Allir geta eitthvað, enginn getur allt“ og á við alla, þ.e. nemendur, kennara og annað starfsfólk. Unnið er með *Uppeldi til ábyrgðar* og notaðar opnar spurningar til að styrkja nemendur í samskiptum og efla sjálfstæði.<sup>192</sup> Að sögn starfsmanna er áhersla á jákvæð samskipti, sam hjál og virðingu.<sup>193</sup>

## 8.2. Mat úttektaraðila

- Verið er að vinna að því að laga skólastarf að nýrri aðalnámskrá leikskóla. Náms sviðslýsingar hafa að einhverjum hluta verið aðlagðar nýjum námsviðum aðalnámskrár 2011 en þeirri vinnu er ekki lokið. Leikskólinn er hvattur til að setja sér aðgerða- og tímaáætlun vegna þessa með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Vel er staðið að vinnu með námsviðin á leikskólanum. Leikskólinn er Grænfánaskóli og vel er hugað að neysluvenjum og umgengnisháttum. Hreyfistarf er í föstum skorðum og matur er unninn frá grunni. Skipulagðir málörvunartímar eru þrisvar í viku og áhersla er á sköpun og menningu. Skriflegt skipulag er um matartíma, hvíldartíma, fataklefa og hreinlæti þar sem tekið er mið af greindum Gardners. Lýsa úttektaraðilar ánægju með hvernig unnið er að námsviðum leikskóla á Lyngholti.

---

<sup>191</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>192</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>193</sup> Rýnihópur starfsmanna

## 9. INNRA MAT

*Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur<sup>194</sup>.*

Í ársáætlun leikskólans er greint frá áherslum í mati hvert skólaár s.s. starfsmannasamtöl, „broskallamat“, foreldrakönnun o.fl. Í ársskýrslu er farið yfir hvort viðkomandi mat náði fram að ganga og niðurstöður hluta þess. Leikskólinn hefur ekki útbúið sérstaka skýrslu um innra mat.<sup>195</sup>

### 9.1. Framkvæmd og ábyrgð

Að sögn stjórnenda er framkvæmd innra mats í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá<sup>196</sup>. Áætlun um matið sé gerð til eins árs í senn og sé hún aðgengileg í ársáætlun. Matsaðferðir sem leikskólinn notar við framkvæmd innra mats eru, að sögn stjórnenda og deildarstjóra, staðlaðir spurningalistar, starfsmannasamtöl, broskallamat til barna ásamt foreldrakönnun. Skv. stjórnendum er lagt mat á stjórnun í innra mati, í viðtölum við starfsmenn og í könnunum til foreldra. Ennfremur sé lagt mat á frammistöðu starfsmanna í starfsmannaviðtölum. Að sögn stjórnenda eru þeir ábyrgir fyrir skipulagi og framkvæmd innra mats en skv. deildarstjórum er það leikskólastjóri. Leikskólinn hefur ekki skriflegan verkferil um innra mat, annað en áætlun sem fram kemur í ársáætlun.<sup>197</sup>

### 9.2. Þátttaka og áhrif

Starfsfólk er virkt í innra mati, að sögn stjórnenda og starfsmanna. Fram kom að svarhlutfall í könnunum meðal starfsmanna hafi nánast verið 100% og að starfsmannasamtöl séu tvisvar á ári.<sup>198</sup> Að sögn stjórnenda koma foreldrar að innra mati og lagðar séu fyrir þá kannanir þar sem þeir eru beðnir um að leggja mat á skólastarfið, samstarf heimila og skóla, samskipti og viðmót starfsmanna. Samkv. foreldrum þá er lögð fyrir þá könnun árlega. Aðkoma barna að innra mati er í gegnum „broskallamat“ sem lagt er fyrir elsta árgang leikskólans.<sup>199</sup>

### 9.3. Eftirfylgni og kynning á niðurstöðum

Stjórnendur og deildarstjórar sammælast um að stjórnendur leikskólans (leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar) séu ábyrgir fyrir umbótum og eftirfylgni innra mats.<sup>200</sup> Leikskólinn hefur ekki, skv. stjórnendum, útbúið formlega umbótaáætlun í tengslum við innra mat né sé gerð sérstök skýrsla um innra mat en niðurstöður kannanna séu birtar og samantekt um niðurstöður innra mat hvers árs sé að finna í ársskýrslu. Þó benda þeir á að skýrsla um innra mat hafi verið

<sup>194</sup> Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

<sup>195</sup> Gögn frá leikskólastjóra

<sup>196</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>197</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum

<sup>198</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

<sup>199</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

<sup>200</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum

gerð til ársins 2008 eða 2009.<sup>201</sup> Að sögn stjórnenda veitir innra mat skólans ekki fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins en gefi þó góðar vísbendingar.<sup>202</sup>

Að sögn stjórnenda og deildarstjóra hefur innra mati verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun t.a.m. hafi komið fram í könnun meðal foreldra óánægja með vegg á skólalóð vegna slysaþættu og var hann fjarlægður í kjölfarið. Einnig hafi verið tekið tillit til óska og athugasemda úr starfsmannasamtölum s.s. ósk um skyndihjálparnámskeið og að bætt hafi verið við deildarfundum til að auka rödd leiðbeinanda.<sup>203</sup> Foreldrar gátu ekki beintengt, að þeirra sögn, breytingar við niðurstöður kannanna.<sup>204</sup>

Skv. starfsmönnum eru niðurstöður innra mats kynntar þeim ásamt því að samantekt um þær komi fram í ársskýrslu og áætlun um næsta ár í ársáætlun.<sup>205</sup> Foreldra, sem rætt var við, minnti að þeim hafi verið gerð grein fyrir niðurstöðum kannanna í tölvupósti.<sup>206</sup> Skv. fulltrúa sveitarfélagsins þá hefur það ekki kallað eftir skýrslu eða samantekt um niðurstöður innra mats, né hafi leikskólinn kynnt þeim niðurstöður þess.<sup>207</sup> Þó benda þeir á að innra mat sé sent fræðslustjóra til kynningar.<sup>208</sup> Að sögn stjórnenda gera þeir sveitarfélaginu grein fyrir innra mati á munnlegum fundum, skriflegri samantekt úr starfsmannaviðtölum og í ársskýrslu.<sup>209</sup>

## 9.4. Mat úttektaraðila

- Innra mat leikskólans er ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá leikskóla frá árinu 1999 né 2011 og mikilvægt er að svo verði.
- Áætlun um innra mat er gerð til eins árs í senn og birtist hún í ársáætlun leikskólans. Helstu matsaðferðir eru staðlaðir spurningalistar, starfsmannasamtöl, „broskallamat“ til barna og foreldrakönnun. Ekki er til staðar skriflegur verkferill um framkvæmd innra mats og skýra þarf betur verkaskiptingu stjórnenda.
- Starfsmenn, foreldrar og börn hafa aðkomu að innra mati leikskólans.
- Leikskólinn hefur ekki útbúið formlega úrbótaáætlun né skýrslu í kjölfar niðurstaðna innra mats. Mikilvægt er að mati úttektaraðila að bætt verði úr því.
- Starfsmenn eru upplýstir um innra mat og niðurstöður þess. Ekki á það sama við um foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins en matið er sent til fræðslustjóra. Mikilvægt er að leikskólinn kynni innra mat, niðurstöður þess og úrbætur í kjölfarið fyrir hagsmunaaðilum sbr. lög um leikskóla.<sup>210</sup>
- Innra mati hefur að sögn stjórnenda verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun. Foreldrar, sem rætt var við, gátu ekki tengt breytingar eða úrbætur á leikskólanum við niðurstöður innra mats. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur til að upplýsa þátttakendur í innra mati í auknu mæli um útbætur í kjölfar þess.

201 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

202 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

203 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum

204 Rýnihópur foreldra

205 Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

206 Rýnihópur foreldra

207 Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands

208 Athugasemdir stjórnenda sveitarfélagsins við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

209 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

210 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 18. gr

## 10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

*Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein<sup>211</sup>.*

Árið 2011 lagði leikskólinn viðhorfskönnun fyrir foreldra. Könnunin lagði mat á upplýsingamiðlun og samskipti, starfsemi leikskólans, uppeldisáherslur hans, hvað væri gott við skólann og hvað mætti betur fara. Svarhlutfall könnunar var 48%. Þar kemur fram að flestir foreldrar telja upplýsingamiðlun og samskipti við leikskólann hæfileg. Til að mynda tilgreindu allir svarendur könnunarinnar að þeir hafi fengið hæfilegar upplýsingar frá leikskólanum í upphafi, 81% töldu upplýsingastreymi hæfilegt og 97% tilgreindu að ofast væri auðvelt aðgengi að leikskólastjóra vegna barna eða málefna skólans. Helst bar þó á að fjölga mætti formlegum foreldraviðtölum í tvö eða fleiri á ári að mati 61% svarenda. Mat foreldra á starfsemi leikskólans var almennt jákvætt en 86% svarenda töldu að leikskólinn uppfylli oftast þær kröfur sem þeir geri fyrir hönd barna sinna. 38% svarenda sagðist vera mjög ánægð(ur) með hollustu matarins sem barni sínu stæði til boða í leikskólanum, 42% frekar ánægðir og 11% hvorki né. Flestir foreldrar voru jákvæðir í garð uppeldisáherslna leikskólans en 83% tilgreindu að þeir væru oftast ánægðir með dagskipulag og það sem börnunum býðst þar. Einnig voru skiptar skoðanir um áherslur skólans á að börn séu að hámarki tvo daga inni eftir veikindi. 17% svarenda taldi tvo daga passlega, 14% taldi þá of lítið og 17% töldu regluna óþarfa. Þegar foreldrar voru beðnir um að tilgreina ef það væri eitthvað sem þeir væru sérstaklega ánægðir með kom m.a. fram ánægja með starfsfólki, ánægja barna, upplýsingaflæði, útivera o.fl. Atriði sem mætti bæta, að mati foreldra, er móttaka barna að morgni til.<sup>212</sup>

Að sögn stjórnenda var í kjölfar niðurstaðna brugðist við þeim ábendingum sem þar komu fram. Foreldraviðtöl eru nú tvisvar á ári, engar takmarkanir eru á því hversu lengi börn mega vera inni eftir veikindi ásamt því að farið var yfir hvernig sé tekið á móti börnum og hvernig þau eru kvödd.<sup>213</sup>

### 10.1. Samrekið foreldraráð og foreldrafélag

*Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi<sup>214</sup>.*

Frá haustinu 2010 hefur verið starfsrækt við leikskólann samrekið foreldraráð og foreldrafélag. Í stjórn félagsins sitja fjórir foreldrar, þar af tveir í foreldraráði. Að sögn stjórnenda og foreldra er sátt um hvernig fulltrúar eru valdir í ráðið/félagið. Að þeirra sögn eru helstu verkefni þess að

<sup>211</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

<sup>212</sup> Viðhorfskönnun meðal foreldra 2011

<sup>213</sup> Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

<sup>214</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr

veita umsagnir um ársskýrslu, ársáætlun, námskrá og breytingar á starfseminni. Ennfremur sinni það hefðbundnum verkefnum foreldrafélags s.s. viðburðum á borð við sveitaferð, vorsýningu og piparkökumálun.<sup>215</sup>

Samkvæmt fundargerðum félagsins, á heimasíðu leikskólans, kom ráðið/félagið einu sinni saman skólaárið 2011- 2012. Á þeim fundi var farið yfir starfsemi félagsins þann veturinn s.s. aðalfund, jólaball, haustferð o.fl. Ráðið/félagið er virkt, að sögn stjórnenda og foreldra, og fundi það almennt mánaðarlega. Fundir þess geta þó verið breytilegir þar sem fulltrúar þess hafi í auknu mæli nýtt sér tölvupóst í samskiptum sín á milli. Hlutverk, skyldur og starfsreglur sameiginlegs foreldraráðs og foreldrafélags eru skýrar og aðgengilegar á heimasíðu leikskólans, að sögn stjórnenda og foreldra. Ennfremur eru þær yfirfarnar á aðalfundi félagsins/ráðsins. Mismunandi var hversu upplýstir foreldrar, sem rætt var við, voru um foreldraráð.<sup>216</sup>

## 10.2. Lýðræði og þátttaka

Stór meirihluti foreldra eru virkir þátttakendur í skólastarfinu, að sögn stjórnenda, deildarstjóra og foreldra ásamt því að aðgangur þeirra að upplýsingum um skólastarfið sé greiður.<sup>217</sup> Samkvæmt stjórnendum, deildarstjórum og foreldrum þá eiga foreldrar auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.<sup>218</sup> Að sögn stjórnenda og deildarstjóra eru foreldrar ófeimnir við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri m.a. í daglegum samskiptum, tölvupóstum, könnunum, á kynningarfundum og í foreldraviðtölum.<sup>219</sup> Foreldrar hafi aðkomu að ákvörðunum um skólastarfið í gegnum kannanir og ábendingar.<sup>220</sup> Að sögn foreldra, sem rætt var við, upplifa þeir sig ekki hafa bein áhrif á ákvarðanir um skólastarfið heldur séu þeir aðeins upplýstir um hvað sé gert. Þó greina þeir frá að stjórnendur og starfsfólk leikskólans sé ávallt opið fyrir álit þeirra.<sup>221</sup> Í könnun meðal foreldra sem leikskólinn lagði fyrir árið 2011 kom fram að 75% svarenda taldi að leikskólinn bregðist oftast jákvætt við ábendingum eða beiðnum sínum.<sup>222</sup>

## 10.3. Samskipti heimilis, grenndarsamfélagsins og leikskólans

Leikskólanum hefur tekist að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila, að mati stjórnenda, starfsmanna, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins. Leikskólinn er í samstarfi við grunnskólann um *Brúum bilið* og leikskólalaval fyrir unglingadeild. Börnum leikskólans gefst kostur á að sækja fótboltaæfingar á vistunartíma ásamt því að þau hafa sett upp listsýningar í fyrirtækjum og stofnunum bæjarins.<sup>223</sup> Að sögn stjórnenda hefur leikskólinn hlotið jákvæðar móttökur frá fyrirtækjum og stofnunum. Ennfremur hafi grenndarsamfélagið og foreldrar stutt við bakið á skólanum s.s. með gjöfum og þátttöku í starfi hans.<sup>224</sup>

215 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Rýnihópur foreldra

216 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Rýnihópur foreldra

217 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur foreldra

218 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur foreldra

219 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum

220 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum

221 Rýnihópur foreldra

222 Viðhorfsskönnun meðal foreldra 2011

223 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur foreldra; Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og fóstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands

224 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum



Skv. foreldrum er mjög virkt samstarf milli þeirra og skólans.<sup>225</sup> Almennt ríkir sátt milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins, að mati stjórnenda, deildarstjóra og foreldra.<sup>226</sup> Á heimasíðu leikskólans er aðgengileg foreldrahandbók, handbók barnsins, en hún er ætluð fyrir foreldra barna sem eru að hefja leikskólagöngu í Lyngholti. Þar er greint frá ytri aðstæðum leikskólans, hugmyndafræði, markmiðum, sýn leikskólans, stundaskrá, aðlögun, samstarfi heimilis og skóla, foreldrafélagi/foreldraráði, veikindum barna o.fl.<sup>227</sup> Samkvæmt stjórnendum og foreldrum þá fara samskipti heimilis og leikskólans fram í daglegum samskiptum, tölvupóstum, upplýsingum á heimasíðu, upplýsingatöflu, mánaðarplönnum, fréttabréfum, kynningarfundum og viðburðum leikskólans.<sup>228</sup>

### 10.4. Mat úttektaraðila

- Leikskólanum hefur tekist að koma á samvinnu við foreldra, grenndarsamfélagið og aðra hagsmunaaðila. Viðhorfskönnun meðal foreldra staðfestir góða samvinnu við foreldra.
- Foreldraráð og foreldrafélag leikskólans er samrekið. Ráðið/félagið er virkt og eru starfsreglur þess aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Fundir eru oftast mánaðarlega en samskipti fara einnig fram í gegnum tölvupóst. Ráðið/félagið hefur m.a. veitt umsagnir um ársskýrslu og skólanámskrá og staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum. Mismunandi var hversu vel upplýstir foreldrar voru um starfsemi foreldrráðs og hvetja úttektaraðilar ráðið/félagið til að auka vitund foreldra um starfsemi þess.
- Meirihluti foreldra eru virkir þátttakendur í skólastarfinu og er aðgangur þeirra að upplýsingum og stjórnendum góður. Gera má foreldrum betur grein fyrir áhrifum þeirra á ákvarðanir um skólastarfið t.d. í gegnum kannanir og ábendingar.

---

<sup>225</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>226</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur foreldra

<sup>227</sup> Handbók barnsins

<sup>228</sup> Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Rýnihópur foreldra

## 11. SÉRKENNSLA BARNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

*Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfinu<sup>229</sup>. Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir<sup>230</sup>.*

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri (leikskólakennari) í 50% stöðu. Þegar grunur leikur á fráviki hjá barni er fundað með viðeigandi aðilum s.s. sérkennslustjóra, deildarstjóra og foreldrum. Í kjölfarið er send beiðni um greiningu til Skólaskrifstofu Austurlands ef þörf er á. Áhersla er lögð á að greining eldri barna liggi fyrir áður en þau hefja grunnskólagöngu. Að sögn sérkennslustjóra er þó hafist handa við að aðstoða viðkomandi barn eftir reynslu og getu starfsmanna leikskólans þó svo að greining frá Skólaskrifstofu liggi ekki fyrir. Í kjölfar greiningar er gerð einstaklingsáætlun í samvinnu við foreldra og sérfræðing Skólaskrifstofunnar eftir þörfum. Skv. sérkennslustjóra eru verkferlar í kjölfar greiningar skýrir og aðgengi að sérfræðingum Skólaskrifstofunnar góður.<sup>231</sup>

Sérkennsla barna er almennt kynnt foreldrum og öðrum aðilum á foreldrafundum að hausti, að sögn sérkennslustjóra, stjórnenda og foreldra. Kynningin var þó ekki hluti af síðasta foreldrafundi haustið 2012.<sup>232</sup> Sérfræðiþjónusta Fjarðabyggðar er veitt af Skólaskrifstofu Austurlands og Félagsþjónustu Fjarðabyggðar en þar hefur leikskólinn aðgang að sálfræðingi, talmeinafræðingi, kennsluráðgjafa og félagsráðgjafa. Ennfremur hefur skólinn nýtt sér þjónustu presta samfélagsins ásamt fræðslustjóra og móttökufulltrúa nýbúa sem starfa á vegum sveitarfélagsins.<sup>233</sup> Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er aðgengi skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.<sup>234</sup> Að sögn foreldra hefur sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins ekki verið kynnt sérstaklega fyrir þeim.<sup>235</sup>

Almenn ánægja er um aðgengi að sérkennslu innan leikskólans og þjónustu Skólaskrifstofu Austurlands. Helsta gagnrýni sem kom fram snýr að Skólaskrifstofu Austurlands en þar eru biðlistar eftir greiningu langir, að sögn sérkennslustjóra, deildarstjóra, starfsmanna og fulltrúa sveitarfélagsins.<sup>236</sup> Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er nú hafin vinna í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands um hvernig sé unnt að stytta biðlista stofnunarinnar eftir

229 Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

230 Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

231 Fundur með sérkennslustjóra

232 Fundur með sérkennslustjóra; Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Rýnihópur foreldra.

233 Gögn frá leikskólastjóra

234 Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands.

235 Rýnihópur foreldra

236 Fundur með sérkennslustjóra; Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna; Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands.

greiningu.<sup>237</sup> Á síðasta aðalfundi Skólaskrifstofu Austurlands var samþykkt að auka við stöðugildi sálfræðings árið 2013 um 50% til að minnka biðlista, að sögn fulltrúa sveitarfélagsins.<sup>238</sup>

Jafnframt kom fram sú gagnrýni meðal starfsmanna leikskólans að Skólaskrifstofa Austurlands veiti aðeins greiningu en ekki þá þjálfun sem nauðsynleg er í kjölfarið. Fram kom að enginn talmeinafræðingur væri starfandi við þjálfun í landsfjórðungnum og þurfi foreldrar og börn því að leita eftir þeirri þjónustu til Akureyrar eða Reykjavíkur.<sup>239</sup> Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er það ekki hlutverk sveitarfélagsins, skv. lögum og reglugerðum um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga, að veita þá þjónustu heldur ríkisins og Sjúkratrygginga Íslands.<sup>240</sup> Að þeirra sögn eru viðræður í gangi milli velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna talkennslu.<sup>241</sup>

Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæslu bæjarins. Leikskólinn hefur sótt til þeirra ráðgjöf iðjuþjálfara og vegna þroskakannanna en heilsugæslan hefur framkvæmt tveggja og hálf og fjögurra ára skoðun inn á leikskólanum. Viðtöl við foreldra fara þó fram á heilsugæslunni og er niðurstöður kynntar fyrir sérkennslustjóra ef um frávík eru að ræða.<sup>242</sup>

### 11.1. Mat úttektaraðila

- Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu er að í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Leiki grunur á frávíki meðal barns er leitað til Skólaskrifstofu Austurlands í samráði við foreldra. Meðan að beðið er eftir greiningu er viðkomandi barn aðstoðað inni á leikskólanum. Í kjölfar greiningar er gerð einstaklingáætlun.
- Almenn ánægja er með sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins, að undanskildum biðlista eftir greiningu. Hvetja úttektaraðilar sveitarfélagið til að vinna áfram að því að stytta biðlista Skólaskrifstofu Austurlands. Ekki liggja fyrir kannanir um ánægju með sérkennslu og má að mati úttektaraðila bæta þar úr.
- Kynna má betur fyrir foreldrum þá sérfræðiþjónustu sem er í boði. Þá einnig hvaða þjónustu sveitarfélaginu ber skylda til að veita og hvað sé á höndum ríkisins.
- Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga eru hvattir til að leysa úr vandkvæðum vegna talþjálfunar í landsfjórðungnum.
- Gott samstarf virðist vera milli leikskólans og heilsugæslu bæjarins.

237 Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands.

238 Athugasemdir stjórnenda sveitarfélagsins við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

239 Fundur með sérkennslustjóra; Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Rýnihópur starfsmanna

240 Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands

241 Athugasemdir stjórnenda sveitarfélagsins við drög að úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts

242 Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjórum; Fundur með sérkennslustjóra

## 12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

*Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi<sup>243</sup>.*

Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins er eftirlit sveitarfélagsins að mestu leyti „maður á mann“. Vegna smæðar samfélagsins séu boðleiðir stuttar og almennt sé mjög fljótt brugðist við því sem gerðar eru athugasemdir við. Sveitarfélagið hefur ekki, að sögn fulltrúa þess, óskað eftir að stjórnendur leikskólans sækja fund til að ræða ytra mat. Stjórnendur leikskóla sitji þó mánaðarlega fundi með fræðslustjóra þar sem m.a. er farið yfir fjárhagsáætlun, ársskýrslu, gerð rekstaráætlunar og starfsmannamál.<sup>244</sup> Þeir benda á að heildstæð starfsmannakönnun fyrir alla starfsmenn sveitarfélagsins hafi verið gerð árið 2010 og áætlanir séu um að endurtaka hana árið 2013. Niðurstöður þeirrar könnunar voru greindar niður á stofnanir sveitarfélagsins og kynntar á starfsmannafundi hvernar stofnunar. Hver stofnun fyrir sig kynnti í kjölfarið úrbótaáætlun í tengslum við niðurstöðurnar. Ennfremur hefur sveitarfélagið lagt sértækar kannanir fyrir foreldra barna á leikskólanum í tengslum við stærri ákvarðanir s.s. sumarfrí og opnunartíma.<sup>245</sup> Sveitarfélagið vinnur nú að því að skólar þess taki upp Skólavogina. Að sögn foreldra, sem rætt var við, hafa niðurstöður þeirra kannanna ekki verið kynntar fyrir þeim sérstaklega heldur aðeins hvaða ákvörðun sveitarfélagið tók í kjölfar niðurstaðanna.<sup>246</sup>

Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins þá er það vilji og stefna sveitarfélagsins að reka góða leikskóla með góðu, hæfu og vel menntuðu starfsfólki. Til að mynda hafi sveitarfélagið styrkt leiðbeinendur frá árinu 2005/2006 til þess að sækja sér aukna fagmenntun.<sup>247</sup>

### 12.1. Mat úttektaraðila

- Formlegt ytra mat sveitarfélagsins er ekki framkvæmt á leikskólanum í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá 1999 eða 2011.
- Ytra mat sveitarfélagsins hefur fyrst og fremst verið „maður á mann“ vegna smæðar samfélagsins, á fundum með fræðslustjóra og í gegnum viðhorfskannanir. Uppi eru áætlanir um að taka upp Skólavogina sem að mati úttektaraðila mun styrkja matið ásamt þeim könnunum sem sveitarfélagið leggur fyrir.

<sup>243</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

<sup>244</sup> Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands.

<sup>245</sup> Fundur með bæjarstjóra og fræðslustjóra Fjarðabyggðar og forstöðumanni og sálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands.

<sup>246</sup> Rýnihópur foreldra

<sup>247</sup> Fundur með formanni fræðslu- og frístundaneðndar

### 13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Lyngholti. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar, fulltrúar Skólaskrifstofu Austurlands og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

#### 13.1. Styrkleikar og veikleikar

| Styrkleikar                                                                                                                              | Veikleikar                                                                            |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| Aðstaða og umhverfi leikskólans                                                                                                          | Skertur opnunartími                                                                   |
| Faglegt, sýnilegt og markvisst starf                                                                                                     | Skortur á tíma til að innleiða stefnu                                                 |
| Fræðslu- og frístundastefna sveitarfélagsins                                                                                             | Há starfsmannavelta                                                                   |
| Stjórnun leikskólans                                                                                                                     | Minni samráðstími starfsmanna                                                         |
| Einstaklingsmiðað starf, hugað að sérþörfum barnanna                                                                                     | Lágt hlutfall leikskólakennara                                                        |
| Metnaður starfsmanna leikskólans m.a. til að efla sig í starfi                                                                           | Ekki er til formleg sí- og endurmenntunaráætlun                                       |
| Samheldni meðal starfsfólks og góður starfsandi                                                                                          | Ekki er stuðst við ferli um móttöku nýliða þegar tekið er á móti nýju starfsfólki     |
| Þverfagleg menntun starfsfólks                                                                                                           | Dagskipulag er ekki aðgengilegt á heimasíðu                                           |
| Starfsandi og skólabragur                                                                                                                | Smæð samfélagsins                                                                     |
| Lítið samfélag og jákvæðni þess                                                                                                          | Innra mat ekki í fullu samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá                    |
| Eineltisáætlun, jafnréttisáætlun og móttökuáætlun eru til staðar                                                                         | Ytra mat sveitarfélagsins er ekki í fullu samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá |
| Vel er staðið að vinnu við námsvið leikskóla                                                                                             |                                                                                       |
| Öflugt foreldrafélag og foreldrasamstarf                                                                                                 |                                                                                       |
| Gott samstarf leikskólans við grunnskóla, sveitarfélagsið og grenndasamfélagið.                                                          |                                                                                       |
| Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins er í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Sérstakur sérkennslustjóri starfar við leikskólann |                                                                                       |

## 13.2. Ógnanir og tækifæri

| Ógnir                                                           | Tækifæri                                                                                            |
|-----------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Húsnæði og aðbúnaður skólans ef íbúapróun verður áfram jákvæð   | Viðhalda og efla það starf sem nú er unnið að s.s. <i>Uppeldi til ábyrgðar</i> og útikennslu.       |
| Rót og fjölgun á íbúum sveitarfélagsins                         | Aðlögun skólastarfsins að nýrri aðalnámskrá og bæta skriflega verkferla og aðgerða- og tímaáætlanir |
| Aðhald í rekstri s.s. færri fundartímar                         | Setja skrifleg námsmarkmið                                                                          |
| Minni aðsókn í leikskólakennaranám                              | Skólinn upplýsi hagsmunaaðila betur um tengsl stefnu við val á leik- og efniviði                    |
| Smæð samfélagsins                                               | Ánægja með leikskólann í samfélaginu                                                                |
| Starfsfólk sækist eftir að vinna annar staðar vegna betri kjara | Sýnileiki leikskólans í samfélaginu                                                                 |
|                                                                 | Þróun og þróunarverkefni                                                                            |
|                                                                 | Náttúra og umhverfi                                                                                 |

## 13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

### 13.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins

- Æskilegt er að auka samstarf milli fræðslu- og frístundanefndar og stjórnenda skólans.
- Halda þarf áfram aðgerðum til að auka hlutfall leikskólakennara.
- Áfram verði unnið að því að stytta biðlista Skólaskrifstofu Austurlands.
- Fulltrúar ríkis og sveitarfélaga vinni að því að leysa úr vandkvæðum vegna talþjálfunar í landsfjórðungnum.
- Ytra mat sveitarfélagsins þarf að vera í fullu samræmi við lög og aðalnámskrá.

### 13.3.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Lokið verði við endurskoðun stefnu og skólanámskrár út frá lögum um leikskóla 2008, aðalnámskrá 2011 og stefnu sveitarfélagsins. Ennfremur að aðgerða- og tímaáætlun verði gerð um endurskoðun hennar. Hugað verði vel að kynningu meðal hagsmunaaðila.
- Kanna þarf viðhorf hagsmunaaðila leikskólans til skólalóðarinnar og að í kjölfarið verði mótuð aðgerðaáætlun.
- Gengið verði úr skugga um að brunabjöllur hljómi í öllum rýmum leikskólans.
- Starfslýsingar verði til fyrir öll störf innan leikskólans.
- Allir ferlar verði skriflegir.
- Halda þarf áfram aðgerðum til að auka hlutfall leikskólakennara.
- Áætlun verði gerð um endurnýjun í starfsmannahópnum.

## Úttekt á starfsemi leikskólans Lyngholts á Reyðarfirði, 2012

- Ferli um móttöku nýliða verði ávallt nýtt þegar nýir starfsmenn hefja störf.
- Dagskipulag leikskólans verði aðgengilegt á heimasíðu skólans
- Endurskoða má aðlögun vegna tilfærslu nemenda milli deilda.
- Kannað verði viðhorf foreldra og starfsmanna til aldursblöndunar á deildum.
- Auka má þátttöku nemenda og foreldra um val á leikefni.
- Æskilegt er að skólinn kanni, með formlegri hætti en nú er, líðan barnanna.
- Leita þarf leiða til að samræma aðgerðir um hvernig tekið er á ýmsum agamálum.
- Þegar innleiða á verkefni eins og *Uppeldi til ábyrgðar* er afar mikilvægt að leikskólanum verði skapaðar þær aðstæður að innleiðing gangi vel fyrir sig, m.a. með auknum tíma sem kennarar og starfsmenn fá til að setja sig inn í verkefnið.
- Innra mat leikskólans þarf að vera í fullu samræmi við lög og aðalnámskrá. Úrbótaáætlun þarf að liggja fyrir og matið þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum.
- Kynna betur fyrir foreldrum hvaða sérfræðiþjónusta stendur þeim til boða.

## HEIMILDIR

---

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.  
Ársáætlun Lyngholts. Sótt á heimasíðu Lyngholts. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Eftirlitsskýrsla – Leikskólinn Lyngholt. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Fræðslu og frístundastefna 2009-2011. Sótt af heimasíðu Fjarðarbyggðar.  
Gagnalisti. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Greinargerðir leikskólastjórnenda. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Gögn frá leikskólastjóra. Ýmis gögn sem úttektaraðilar óskuðu eftir. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Handbók barnsins. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Heimasíða leikskólans Lyngholts, <http://www.leikskolinn.is/lyngholt/>.  
Jafnréttisáætlun Lyngholts 2010- 2011/2011-2012. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Leiðbeiningar fyrir úttekt á leikskólum. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.  
*Lög um leikskóla nr.90/2008*  
Móttaka nýs starfsmanns. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009  
Sameiginleg uppeldisstefna leik- og grunnskóla Fjarðarbyggðar: Lokaskýrsla til sprotasjóðs vegna styrkveitingar No. 90. 2010 – 2011.  
Samkomulag milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Samningur mennta- og menningarmálartáðuneytinu og Attentus – mannauðurog ráðgjöf vegna úttektar á leikskólanum Lyngholti.  
Samþykkt fyrir fræðslu- og frístundanefnd Fjarðabyggðar. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins.  
Skólanámskrá Lyngholts, *Yfir holt og hæðir*. 2009. Sótt af heimasíðu leikskólans.  
Starfslýsing deildarstjóra. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Starfslýsing leikskólakennara: hvað gerir hópstjóri. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Starfsmannahandbók Lyngholts. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Starfsmannasamtal – niðurstöður stofnunar 2012. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Umsögn leikskólar Brunavarðir. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Viðhorfskönnun meðal foreldra 2011. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.  
Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Fjarðabyggðar 2010. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.